Sjómannaskólann/Tækniskólann
Leikskólann Klambra
Leikskólann Nóaborg
Háteigsskóla
Íbúasamtök 3. hverfis- Hlíðar, Holt og Norðurmýri
Saltfisksetur Íslands
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Greinargerð okkar verður einnig birt á opinni Facebooksíðu íbúafélagsins
https://www.facebook.com/saltfiskmoinn

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** Helga Soffía Konráðsdóttir <helgasoffia@simnet.is>
**Sent:** 26. maí 2018 16:39
**Til:** USK Skipulag
**Efni:** Mótmæli.

Til þess er málið varðar.

Mótmæli vegna áforma um nýbyggingar á Sjómannaskólareit.

Vegna lýsingar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. nóvember 2017, um deiliskipulag á Sjómannaskólareit vill undirrituð, prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og sóknarprestur í Háteigskirkju, koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og mótmælum:

Háteigskirkja er sóknarkirkja íbúa Holta, Hlíða og Suðurhlíða og búa tæplega 10.000 manns innan sóknarmarka hennar. Kirkjan tekur 350 manns í sæti. Fjölmennar athafnir fara fram í kirkjunni í hverri viku, svo sem útfarir, hjónavígslur, skírnir og guðsþjónustur auk fjölbreyttra tónleika.

Við kirkjuna er tengt Safnaðarheimili, 1100 fm að stærð sem hýsir eftirtalda starfsemi:

- Safnaðarstarf á vegum kirkjunnar;
- Starfsemi Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og embættis Biskups Íslands að hluta;
- Starfsemi þriggja fjölmennra kóra;
- Starfsemi frjálsra félagasamtaka á borð við Nýja dögun (um sorg og sorgarviðbrögð) og AA samtökin (um áfengisbölið);
- Útleiga safnaðarsalar fyrir fundi og mannfagnaði (erfidrykkjur, brúðkaupsveislur, námskeið (t.d. fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og Landspítala háskólasjúkrahúss).

Af þessari upptalningu má öllum ljóst vera að mjög mikil umferð bíla og farartækja er í kringum þessar byggingar og bílastæðin sem fyrir hendi eru nú þegar anna vart þeim þunga. Ef leggja á niður bílastæði á þessum slóðum og byggja á þeim fjölbýlishús gerist óhjákvæmilega tvennt: Í fyrsta lagi skapast þarna öngþveiti og fólk kemst ekki að húsunum með góðu móti. Í öðru lagi mun sú fjölbreytta og blómlega starfsemi sem fer fram á þessu svæði skerðast þegar til lengri tíma er litið. Sú starfsemi byggist á mannvirðingu og jafnræði og miðar að því að skapa sátt og frið í mannlegu samfélagi og er því til hagsbóta fyrir Reykjavíkurborg.

Að þessu sögðu mótmæli ég fyrirhuguðum framkvæmdum harðlega, þær munu setja starfsemi Háteigskirkju og Safnaðarheimilisins óafturkræfar skorður og eru þegar allt kemur til alls í óþökk íbúanna sem eru nágrannar þessa reits og annarra íbúa sem sækja þjónustu þangað.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 26. maí 2018,
- á kosningadegi til sveitarstjórna -

Helga Soffía Konráðsdóttir,
prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og
sóknarprestur í Háteigsprestakalli.

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** María Dóra Björnsdóttir <mdb@hi.is>
**Sent:** 26. maí 2018 20:01
**Til:** USK Skipulag
**Afrit:** María Dóra Björnsdóttir
**Efni:** Varðandi byggingaráform á Sjómannaskólareit

Til þeirra er málið varðar.

Íbúar í Skipholti 42 taka undir allar athugasemdir íbúafélagsins Vinir saltfiskmóans og senda skýrslu félagsins inn í nafni íbúa hússins, sjá meðfylgjandi skjal.

Fyrir hönd og í umboði íbúa í Skipholti 42,
María Dóra Björnsdóttir

https://drive.google.com/file/d/1b5XXBgH4jXHq-9cz8lTEnScXAvp7LI-C/view

Athugasemdir_Vinir_Saltfiskmoans_ok.pdf

drive.google.com

# Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit



Íbúafélagið
Vinir Saltfiskmóans
Reykjavík, 7. maí 2018

**EFNI:**

Íbúafélagið Vinir saltfiskmóans mótmælir byggingaráformum í gömlum hverfisgarði á Rauðarárholti sem hefur m.a. að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Ástæða er til að óttast að óafturkræf mistök verði gerð og menningarminjar glatist.

Til þeirra er málið varðar,

hafin er vinna við breytingar á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannaskólareitnum (Þ32). Samkvæmt verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fram og samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsráði í apríl 2018 er markmiðið „að stuðla að betri nýtingu" svæðisins og „þá einkum í þágu húsnæðismarkaðarins og stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hluta" svæðisins.
(https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/ar2030-sjomanna-vedur-verklysing-april2018.pdf).
Í skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi sem lögð var fram í borgarráði í nóvember 2017 er ætlunin að „hefja uppbyggingu á svæðinu og koma fyrir námsmannaíbúðum og íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði"
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_usk.pdf).
Í ljósi þessara áforma sjáum við í íbúafélaginu Vinir Saltfiskmóans okkur knúin til að bregðast við og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Félagið Vinir Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) var stofnað þegar íbúar í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn heyrðu fyrst af áformum borgaryfirvalda um að þétta byggð á reitnum. Markmið félagsins er að standa vörð um móann sem staðsettur er á miðju Rauðarárholti á norðvesturhluta Sjómannaskólareitsins. Saltfiskmóinn afmarkast af Sjómannaskólanum í austri, Skipholti í norðri, Nóatúni í vestri og Háteigskirkju í suðri (sjá mynd 1).




**Mynd 1.** Sjómannaskólareitur og Saltfiskmóinn, afmörkun svæðisins

## Líklega síðasta stakkstæðið í Reykjavík

Íbúar hverfisins kalla móann Saltfiskmóann með vísan til þess að í móanum miðjum er að finna stakkstæði þar sem saltfiskur var breiddur til þerris og settur í stakka (sjá mynd 2). Stakkstæði þetta, sem er frá 1920 og þekur um þriðjung móans, var á vegum togarafélagsins Kveldúlfs sem Thor Jensen stofnaði 1912. Fyrr á tímum þegar saltfiskur var ein mikilvægasta útflutningsafurð þjóðarinnar mátti finna stakkstæði víða í borgarlandinu þar sem þurrkur var góður, en þessum stæðum hefur fækkað í áranna rás og þau ýmist lent undir malbiki eða byggingum. Þeirra á meðal eru stakkstæðin/fiskþurrkunarreitirnir við Kirkjusand, Mýrargötu og á mótum Stakkahlíðar og Háteigsvegar þar sem í dag er kirkja Óháða safnaðarins. Götuheitin Stakkholt og Stakkahlíð bera þessari atvinnusögu hverfisins vitni.



**Mynd 2.** Sumarið 1954. Börn við vinnu á saltfiskreit á Rauðarárholti í Reykjavík. Sólþurrkaður saltfiskur, stakkstæði. Hús við Stangarholt í bakgruni. *Mynd: Helga Fietz (1907-1958) © Ljósmyndasafn Reykjavíkur*

Stakkstæðið í Saltfiskmóanum er frá 1920, eins og áður sagði, og eru því aðeins örfáir mánuðir þar til það telst til fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og nyti þar með friðunar nema annað væri ákveðið af Minjastofnun Íslands. Sú stofnun verður að veita umsögn um stakkstæðið í ljósi þess að það var tekið í notkun fyrir árið 1925, en minjar frá þeim tíma eru umsagnarskyldar hjá Minjastofnun.

Eftir því sem Vinir Salfiskmóans komast næst eru verulegar líkur á því að stakkstæðið á Rauðarárholti sé síðasta heillega stakkstæðið sem eftir er í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber yfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Í síðustu hverfakosningu (Hverfið mitt) hlaut tillaga íbúa í nágrenni Saltfiskmóans um að merkja stakkstæðið brautargengi. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hyggst hún verja tveimur milljónum króna til verksins nú í vor. Markmið merkingarinnar er að varðveita söguminjarnar, vekja á þeim athygli og gera þær aðgengilegri almenningi. Við væntum þess að merkingarnar verði settar upp fljótlega.

Vinir Saltfiskmóans hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur með það að markmiði að hirða um reitinn, snyrta gróður eftir þörfum, tína rusl og halda móanum snyrtilegum, bera möl á gangstíga og koma upp ruslatunnum og bekkjum til að gera hverfisgarðinn að hentugra útivistarsvæði fyrir íbúa hverfisins, aðra borgarbúa og ferðafólk sem leið á um þennan fallega náttúrugarð. Þau svör hafa fengist að ekki sé hægt að taka afstöðu til þessarar bónar okkar meðan aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna Sjómannaskólareitsins sé ólokið. Við ítrekum hér með þá ósk okkar að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur og bendum á að við höfum árum saman hirt um svæðið auk þess sem virk nágrannavarsla fer þar fram.

## Lífsgæðaskerðing

Í fyrrnefndri skipulagslýsingu sem lögð var fyrir borgarráð í nóvember 2017 kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu allt að 120 íbúða fyrir námsmenn á svæði sem nær yfir Saltfiskmóann og bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem er fullnýtt nær daglega af kirkjugestum og nemendum Tækniskólans (sjá mynd 3).




**Svæði 1**

Á svæði 1 er gert ráð fyrir allt að 120 íbúðum fyrir námsmenn.

**Svæði 2**

Á svæði 2 er gert ráð fyrir allt að 70 íbúðum fyrir námsmenn og 6 íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði.

**Mynd 3.** Sjómannaskólareitur, úr skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi frá því í nóvember 2017.

Yrðu þessi áform að veruleika væri verið að fórna dýrmætri útivistarperlu sem myndi skerða lífsgæði íbúa í hverfinu verulega. Íbúar líta á Saltfiskmóann sem nokkurs konar hverfisgarð og nýta hann óspart til útivistar sér til heilsu- , ánægju- og lífsgæðaauka. Meðal þeirra sem nýta garðinn má nefna leikskólabörn á Klömbrum. Þau æfa sig í því að ganga í ósléttu, grýttu og grónu landslagi eins og það birtist á stakkstæðinu, sem þau kalla „eldfjallið". Fjallað er um svæðið í stefnu- og starfsáætlunum leikskólans sem aðgengilegar eru á vef hans.

## Skortur á opnum svæðum

Sérstaða Saltfiskmóans felst í því að þetta er sjálfsprottinn náttúrugarður með annars konar gróðri en finna má á ræktuðum grænum svæðum á borð við Klambratún auk þess sem fuglalíf þar er afar líflegt. Rétt er að minna á að í stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið er gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Við tökum undir með Snorra Sigurðssyni hjá skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg að mikill skortur sé á opnum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi, ekki síst Saltfiskmóinn.

Samkvæmt skilmálaeiningum hverfaskipulags fyrir Reykjavík sem verið er að vinna um þessar mundir er Saltfiskmóinn skilgreindur sem opið svæði. Við teljum eðlilegt og rétt að þessi mikilvægi náttúru- og menningargarður verði skilgreindur í bæði aðal- og deiliskipulagi sem opið svæði og alfarið hlíft við hvers kyns byggingaráformum.

## Óttumst óafturkræf mistök

Vinir Saltfiskmóans hafa góðan skilning á mikilvægi þess að þétta byggð og gera ekki athugasemdir við að slíkt sé gert á atvinnusvæðum sem fá nú nýtt hlutverk. Þéttinguna þarf hins vegar að vinna í góðri sátt við þá íbúa sem fyrir eru á svæðinu og án þess að lífsgæði þeirra séu skert eða mikilvægum útivistarsvæðum fórnað.

Það er ekkert launungarmál að veruleg þétting er áformuð á svæðinu í kringum Saltfiskmóann. Á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur móann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar tæplega 1.300 nýjar íbúðir. Þar af eru 235 þegar risnar við Einholt/Háteigsveg/Þverholt og 400 áætlaðar á Heklureitnum við Laugaveg (mynd 4). Þar fyrir utan eru einnig a.m.k. 12 hótel með hundruðum herbergja og tilheyrandi umferð innan hverfisins. Til að setja þessa fjölgun íbúða á jafnlitlum bletti og raun ber vitni í samhengi má benda á að heildarfjöldi íbúða í Hveragerði er 1.012 meðan heildarfjöldi íbúða í Vestmannaeyjum er 1.718.




| Nýjar/nýlegar/fyrirhug. íbúðir | Fjöldi íbúða | |
|---|---|---|
| Einholt - Þverholt | 235 | Tilbúnar eða í byggingu |
| Stakkholt | 140 | Tilbúnar |
| Brautarholt/Ásholt | 102 | Tilbúnar |
| Brautarholt 18-20 (Þórskaffi) | Fj. ekki ljós | Hús í eigu Gamma / fyrirhugaðar íbúðir |
| Skipholt 11-13 | 20 | Tilbúnar |
| Skipholt 70 | 26 | Tilbúnar |
| Heklureitur | 400 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli A | 120 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli B | 76 | Fyrirhugað |
| Kennaraháskóli | 160 | Fyrirhugað |
| Samtals fjöldi íbúða a.m.k. | 1.279 | Nýbyggðar eða fyrirhugaðar |

**Mynd 4.** Nýlegar eða fyrirhugaðar íbúðir á u.þ.b. hálfs ferkílómetra svæði umhverfis Saltfiskmóann.

Með þéttingaráformum sínum í Saltfiskmóanum teljum við borgaryfirvöld vera að fara offari og óttumst að gerð verði óafturkræf mistök.

Samkvæmt opinberum fundargerðum borgarráðs frá apríl sl. er þegar búið að veita vilyrði fyrir lóðum á Sjómannaskólareitnum fyrir byggingu a.m.k. 100 íbúða ætluðum eldri borgurum og námsmönnum þrátt fyrir að hvorki sé búið að vinna aðal- né deiliskipulag fyrir reitinn og vinnu við hverfaskipulag ólokið. Við höfum því fulla ástæðu til að óttast að lítið samráð verði í reynd haft við íbúa svæðisins og lítið mark tekið á ábendingum skilgreindra hagsmunaaðila.

Meðal hagsmunaaðila má nefna Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd ríkisins, sem hlýtur að þurfa að veita umsögn sína um hvort, hversu mikið og hvernig byggt verði á svæðinu í kringum Sjómannaskólann í ljósi þess að um friðaða byggingu er að ræða. Okkur þykir því skjóta skökku við að hvorki Minjastofnun Íslands né Húsafriðunarnefnd ríkisins eru taldar upp meðal umsagnaraðila í fyrrnefndri verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar fyrir skemmstu. Þar er heldur ekki getið um Borgarsögusafn Reykjavíkur né Háteigskirkju, sem hefur beina hagsmuni af því að bílastæðið norðan við safnaðarheimilið nýtist áfram kirkjugestum, enda ekki hægt að vísa öllum kirkjugestum eða gestum safnaðarheimilisins út á Háteigsveg eða Nóatún.

## Áhrif aukins byggingarmagns á umferð

Í verklýsingunni er tekið fram að við aðalskipulagsbreytinguna skuli m.a. skoða áhrif aukins byggingarmagns á grunn- og leikskóla og umferð. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn anna skólanir nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og er vandséð hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu svo vel sé.

Hvað umferð varðar hefur hún aukist mjög mikið á síðustu misserum, samfara mikilli fjölgun hótela á svæðinu, með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins. Þó borgaryfirvöld byggi nýjar íbúðir þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúar séu á bíl er það því miður ekki raunveruleikinn. Gott dæmi um þetta er bygging 235 nýrra íbúða á fyrrnefndum reit sem afmarkast af Háteigsvegi, Þverholti og Einholti. Nýir íbúar leggja nú báðum megin á Háteigsvegi (milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs) þar sem áður var aðeins lagt öðrum megin götunnar með þeim afleiðingum að ekki er lengur hægt að mæta bíl í götunni, sem er sérlega bagalegt þar sem Háteigsvegur er á áætlunarleið Strætó. Við óttumst að verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju tekið undir byggingarland fari kirkjugestir að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti.

## Samráð og sátt við íbúa

Að öllu framangreindu má ljóst vera að það er að ýmsu að huga þegar þétta skal byggð í grónum hverfum og sérdeilis mikilvægt að það sé gert í samráði og sátt við þá íbúa, hagsmunaaðila og landnýtingu sem fyrir er. Við vörum eindregið við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga.

Við hvetjum til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst,

*Silja Björk Huldudóttir*
*Helgi Hilmarsson*
*Marcos Zotes*
*Hulda B. Hákonardóttir*
*Þorgeir Tryggvason*
sem skipa stjórn og varastjórn Vina Saltfiskmóans
póstfang íbúafélagsins er: saltfiskmoinn@gmail.com

## Þessi greinargerð er send á

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Deildarstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem málið varðar
Alla borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa í borgarstjórn Reyjavíkur

## Afrit greinargerðarinnar er m.a. sent á

Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra
Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
FILA – Félag íslenskra landslagsarkitekta
Arkitektafélags Íslands
Hverfisráð Hlíða
Sóknarnefnd Háteigskirkju
Sjómannaskólann/Tækniskólann
Leikskólann Klambra
Leikskólann Nóaborg
Háteigsskóla
Íbúasamtök 3. hverfis- Hlíðar, Holt og Norðurmýri
Saltfisksetur Íslands
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Greinargerð okkar verður einnig birt á opinni Facebooksíðu íbúafélagsins
https://www.facebook.com/saltfiskmoinn

# Álitsgerð

**Til: Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar**

**Frá: Sóknarnefnd Háteigssóknar**

**Efni: Athugsemdir og andmæli vegna byggingaráforma Reykjavíkurborgar á „Sjómannaskólareit“.**

Á aðalsafnaðarfundi Háteigssóknar sem haldinn var þ. 6. maí s.l. var fjallað um skýrslu frá Umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir Borgarráð Reykjavíkur þ. 23.nóvember 2017. Skýrslan byggir á gerðabók ráðsins frá fundi þess þ. 15. nóvember 2017.

Þar segir: *" Lögð fram lýsing umhverfis-og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2017, vegna deiliskipulags Sjómannaskólareits. Reiturinn afmarkast af Háteigsvegi til suður, Vatnsholti til austurs, Skipholti til norðurs, Nóatúni og lóð Háteigskirkju til suðurs og vesturs". Í skýrslunni er fjallað um fyrirhugaða uppbygginguna á u.þ.b 4 ha. reit fyrir námsmannaíbúðir og íbúðir fyrir sértæk búsetuúrræði. Sjómannaskólareitnum er skipt upp í tvö byggingasvæði, 1 og 2.*

Svæði 1 liggur að lóðarmörkum Háteigskirkju, en á honum er fyrirhugað að byggja 120 íbúðir.

Sóknarbörn og sóknarnefnd hafa verulegar áhyggur af þessum áformum, þar sem ljóst er að staðsetning 120 nýrra íbúða mun hafa verulega truflandi áhrif á allt starf í kirkjunni og safnaðarheimili. Þar að auki mun núverandi umhverfi bera verulegan skaða af, þar sem opnum grænum svæðum og sögulegum minjum verður fórnað.

Í þessu ljósi vill sóknarnefnd Háteigssóknar koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og mótmælum gagnvart þessum skipulagsáformum.

Það liggur í augum uppi að bílaumferð á þessu svæði mun stórlega aukast.

Að fyrirhuguðu byggingasvæði eru aðeins tvær aðkomuleiðir. Annarsvegar er það ónefnd braut sem liggur á milli Háteigskirkju og námsmannaíbúðanna og leikskólans Klambra til norðurs frá Háteigsvegi. Sömuleiðis brautin sem liggur frá Háteigsvegi að Tækniskólanum og bílastæðum þar. Þessu til viðbótar er akrein sem er á kirkjulóðinni sem liggur frá bílastæðum norðan við Safnaðarheimilið og tengist við Háteigsveg, vestan og sunnan við kirkjuna.

Aukin umferð á þessu svæði kemur til með að trufla viðkvæma starfsemi í kirkjunni þ.e. kirkjulegar athafnir, s.s. útfarir, brúðkaup, messur, tónleikar o.m.fl. Þetta mun skapa verulegt óhagræði fyrir allt það fólk sem erindi á í kirkjuna á hverjum degi. Viðbúið er að kirkjugestir fái ekki bílastæði á kirkjulóðinni vegna bíla sem tilheyra íbúum hins nýja hverfis. Þetta er vandamál, nú þegar, og getur því aðeins versnað með þessari þéttingu byggðar.

Aukinni umferð mun fylgja hávaðamengun og allskyns óþrifnaður á kirkjulóðinni og efalaust verða grasflatir og svæði sem ekki eru ætluð fyrir bíla notuð sem bílastæði t.d. þegar um fjölmennar athafnir er að ræða.

Nú þegar, eru bílastæði kirkjunnar notuð af íbúum við Háteigsveg og fleirum og því er bílum iðulega lagt á næsta græna blett þegar margir sækja kirkjuna á sama tíma.

Sóknin ber umtalsverðan kostnað af snjómokstri á bílastæðum við kirkjuna á hverju ári og getur ekki tekið aukin útgjöld á sig varðandi slíkt. Þaðan af síður annast umhirðu og þrif sem fylgja aukinni umferð.

Safnaðarheimili Háteigssóknar sem tengt er við kirkjubygginguna er, sömuleiðis, afar fjölsóttur staður. Í byggingunni eru skrifstofur presta sóknarinnar og annarra starfsmanna og einnig eru þar skrifstofur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra. Í safnaðarheimilinu fer fram margvíslegt félagsstarf, á vegum kirkjunnar og annarra. Fjöldi fólks á öllum aldri tekur þátt í þessu starfi, alla daga vikunnar.

Í Safnaðarheimilinu hafa þrír kórar fast aðsetur og æfingaaðstöðu; Kór Háteigskirkju, Karlakór Reykjavíkur og Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur. Einnig leigir Biskupsstofa skrifstofurými fyrir hluta starfsemi sinnar. Samtökin Ný dögun og AA samtökin hafa einnig fundaraðstöðu í byggingunni.

Veislusalur Safnaðarheimilisins er mikið leigður út, fyrir fundi, námskeið, erfidrykkjur og veislur af öllum toga. Salurinn er aðlaðandi og eftirsóttur, ekki síst fyrir gott aðgengi og fjölda bílastæða. Leigutekjur af Salnum skipta sóknina miklu máli sem viðbót við sóknargjöldin sem er eini fasti tekjustofn sóknarinnar.

Ef að umrædd áform ganga eftir mun það valda Háteigssókn ómældum, fjárhagslegum, skaða sem gæti leitt af sér niðurskurð í allri starfsemi í Háteigskirkju.

Sóknarnefndin lítur einnig svo á að gengið sé á rétt núverandi íbúa svæðisins ef Saltfiskmóanum verður fórnað fyrir íbúðablokkir. Þetta er gróið, náttúrulegt útivistarsvæði eða hverfisgarður sem skiptir íbúana miklu máli. Sömuleiðis myndu minjar um gamla atvinnuhætti hverfa, um alla elífð, ef byggt verður á eina manngerða stakkstæði sem eftir er í Reykjavík.

Sóknarnefnd Háteigsóknar tekur einnig undir áhyggjur sóknarbarna, sem koma m.a. fram í umsögnum frá „Vinum saltfisksmóans og Vinum Vatnshólsins“

**Sóknarnefnd Háteigssóknar lýsir yfir fullkominni andstöðu við þau áform Reykjavíkurborgar að byggja 120 íbúðir í Saltfiskmóanum og vonar að horfið verði með öllu frá þessum gjörningi.**

Virðingarfyllst

Sigríður Guðmundsdóttir

Sigríður Guðmundsdóttir

formaður sóknarnefndar Háteigssóknar

Reykjavík 25.maí 2018

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** Bjarni Bjarnason <bjarnimarbjarnason@gmail.com>
**Sent:** 26. maí 2018 21:32
**Til:** USK Skipulag
**Efni:** Saltfiskmóinn

Daginn.
Bjarni heiti ég og hef átt heima efst á Flókagötu í 30 ár.
Mér finnst nauðsynlegt að halda svæðum sem Saltfiskmóinn er.
Börin mín og núna barnabörn hafa leikið sér þarna í gegnum árin. Þeim finnst meira spennandi að leika sér í móa sem er ekki skipulagður en þar sem allt er slétt og skipulagt.
Það þarf ekki allt að vera þaulskipulagt og hvað þá þessi fáu grænu svæði sem eru í Reykjavík. Það er búið að eyðileggja flesta móa og vilt svæði þar sem grasið fær að gróa og vilt blóm að vera í friði. Það er mikil fegurð í því og frelsi fyrir börn og fullorðna.
Ég er algerlega á móti því að þetta litla fallega svæði verði lagt undir blokkir.
Leyfum síðustu svæðum í borginni þar sem vilt náttura fær að njóta sín að vera í friði.
kv. Bjarni.

**From:** Guðmundur Fannar Guðjónsson [mailto:gummifannar@yahoo.com]
**Sent:** 27. maí 2018 14:41
**To:** USK Skipulag
**Subject:** Athugasemdir við fyrirhugaða uppbyggingu Sjómannaskólareit (þ32)

Til þess er málið varðar.

Ég geri hér athugasemdir við fyrirhugaða uppbyggingu á Sjómannareit(þ32). sjá meðfylgjandi skjal.

Virðingarfyllst.
Guðmundur Fannar Guðjónsson,
Skipholti 50,
Reykjavík.

## Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit

Guðmundur Fannar Guðjónsson,
kt. 270470-4249
Skipholti 50,
Reykjavík

Ég sem íbúi og borgarbúi mótmæli fyrirhugaðri uppbyggingu á Sjómannaskólareit(þ32).

Til þeirra er málið varðar,

Hafin er vinna við breytingar á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannaskólareitnum (Þ32). Samkvæmt verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fram og samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsráði í apríl 2018 er markmiðið „að stuðla að betri nýtingu“ svæðisins og „þá einkum í þágu húsnæðismarkaðarins og stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hluta“ svæðisins.

**<u>Líklega síðasta stakkstæðið í Reykjavík</u>**

Íbúar hverfisins kalla móann Saltfiskmóann með vísan til þess að í móanum miðjum er að finna stakkstæði þar sem saltfiskur var breiddur til þerris og settur í stakka.

Vinir Saltfiskmóans hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur með það að markmiði að hirða um reitinn, snyrta gróður eftir þörfum, tína rusl og halda móanum snyrtilegum, bera möl á gangstíga og koma upp ruslatunnum og bekkjum til að gera hverfisgarðinn að hentugra útivistarsvæði fyrir íbúa hverfisins, aðra borgarbúa og ferðafólk sem leið á um þennan fallega náttúrugarð. Þau svör hafa fengist að ekki sé hægt að taka afstöðu til þessarar bónar okkar meðan aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna Sjómannaskólareitsins sé ólokið. Við ítrekum hér með þá ósk okkar að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur og bendum á að við höfum árum saman hirt um svæðið auk þess sem virk nágrannavarsla fer þar fram.

## Lífsgæðaskerðing:

Í fyrrnefndri skipulagslýsingu sem lögð var fyrir borgarráð í nóvember 2017 kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu allt að 120 íbúða fyrir námsmenn á svæði sem nær yfir Saltfiskmóann og bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem er fullnýtt nær daglega af kirkjugestum og nemendum Tækniskólans.

Yrðu þessi áform að veruleika væri verið að fórna dýrmætri útivistarperlu sem myndi skerða lífsgæði íbúa í hverfinu verulega. Íbúar líta á Saltfiskmóann sem nokkurs konar hverfisgarð og nýta hann óspart til útivistar sér til heilsu- , ánægju- og lífsgæðaauka.

## Skortur á opnum svæðum

Sérstaða Saltfiskmóans felst í því að þetta er sjálfsprottinn náttúrugarður með annars konar gróðri en finna má á ræktuðum grænum svæðum á borð við Klambratún auk þess sem fuglalíf þar er afar líflegt. Rétt er að minna á að í stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið er gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Við tökum undir með Snorra Sigurðssyni hjá skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg að mikill skortur sé á opnum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi, ekki síst Saltfiskmóinn.

Samkvæmt skilmálaeiningum hverfaskipulags fyrir Reykjavík sem verið er að vinna um þessar mundir er Saltfiskmóinn skilgreindur sem opið svæði. Við teljum eðlilegt og rétt að þessi mikilvægi náttúru- og menningargarður verði skilgreindur í bæði aðal- og deiliskipulagi sem opið svæði og alfarið hlíft við hvers kyns byggingaráformum.

## Óttumst óafturkræf mistök

Ég sem íbúi og Borgarbúi hef góðan skilning á mikilvægi þess að þétta byggð og gera ekki athugasemdir við að slíkt sé gert á atvinnusvæðum sem fá nú nýtt hlutverk. Þéttinguna þarf hins vegar að vinna í góðri sátt við þá íbúa sem fyrir eru á svæðinu og án þess að lífsgæði þeirra séu skert eða mikilvægum útivistarsvæðum fórnað.

Með þéttingaráformum sínum í Saltfiskmóanum teljum við borgaryfirvöld vera að fara offari og óttumst að gerð verði óafturkræf mistök.

Samkvæmt opinberum fundargerðum borgarráðs frá apríl sl. er þegar búið að veita vilyrði fyrir lóðum á Sjómannaskólareitnum fyrir byggingu a.m.k. 100 íbúða ætluðum eldri borgurum og námsmönnum þrátt fyrir að hvorki sé búið að vinna aðal- né deiliskipulag fyrir reitinn og vinnu við hverfaskipulag ólokið. Við höfum því fulla ástæðu til að óttast að lítið samráð verði í reynd haft við íbúa svæðisins og lítið mark tekið á ábendingum skilgreindra hagsmunaaðila.

## Áhrif aukins byggingarmagns á umferð

Í verklýsingunni er tekið fram að við aðalskipulagsbreytinguna skuli m.a. skoða áhrif aukins byggingarmagns á grunn- og leikskóla og umferð. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn anna skólanir nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og er vandséð hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu svo vel sé.

Hvað umferð varðar hefur hún aukist mjög mikið á síðustu misserum, samfara mikilli fjölgun hótela á svæðinu, með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins. Þó borgaryfirvöld byggi nýjar íbúðir þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúar séu á bíl er það því miður ekki raunveruleikinn. Gott dæmi um þetta er bygging 235 nýrra íbúða á fyrrnefndum reit sem afmarkast af Háteigsvegi, Þverholti og Einholti. Nýir íbúar leggja nú báðum megin á Háteigsvegi (milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs) þar sem áður var aðeins lagt öðrum megin götunnar með þeim afleiðingum að ekki er lengur hægt að mæta bíl í götunni, sem er sérlega bagalegt þar sem Háteigsvegur er á áætlunarleið Strætó. Við óttumst að verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju tekið undir byggingarland fari kirkjugestir að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti.

## Samráð og sátt við íbúa

Að öllu framangreindu má ljóst vera að það er að ýmsu að huga þegar þétta skal byggð í grónum hverfum og sérdeilis mikilvægt að það sé gert í samráði og sátt við þá íbúa, hagsmunaaðila og landnýtingu sem fyrir er. Við vörum eindregið við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga.

Ég hvet til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

**From:** Hugrún Magnúsdóttir [mailto:hugrun1004@gmail.com]
**Sent:** 27. maí 2018 16:00
**To:** USK Skipulag
**Subject:** Athugasemdir við fyrirhugaða uppbyggingu á Sjómannaskólareit

Ég geri hér athugasemdir við fyrirhugaða uppbyggingu á Sjómannareit (þ32). sjá meðfylgjandi skjal.

Virðingarfyllst.

Hugrún Magnúsdóttir
Skipholti 50
105 Reykjavík

## Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit

Hugrún Magnúsdóttir,
kt. 100473-3809
Skipholti 50,
Reykjavík

Ég sem íbúi og borgarbúi mótmæli fyrirhugaðri uppbyggingu á Sjómannaskólareit(þ32).

Til þeirra er málið varðar,

Hafin er vinna við breytingar á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannaskólareitnum (Þ32). Samkvæmt verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fram og samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsráði í apríl 2018 er markmiðið „að stuðla að betri nýtingu“ svæðisins og „þá einkum í þágu húsnæðismarkaðarins og stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hluta“ svæðisins.

**<u>Líklega síðasta stakkstæðið í Reykjavík</u>**

Íbúar hverfisins kalla móann Saltfiskmóann með vísan til þess að í móanum miðjum er að finna stakkstæði þar sem saltfiskur var breiddur til þerris og settur í stakka.

Vinir Saltfiskmóans hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur með það að markmiði að hirða um reitinn, snyrta gróður eftir þörfum, tína rusl og halda móanum snyrtilegum, bera möl á gangstíga og koma upp ruslatunnum og bekkjum til að gera hverfisgarðinn að hentugra útivistarsvæði fyrir íbúa hverfisins, aðra borgarbúa og ferðafólk sem leið á um þennan fallega náttúrugarð. Þau svör hafa fengist að ekki sé hægt að taka afstöðu til þessarar bónar okkar meðan aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna Sjómannaskólareitsins sé ólokið. Við ítrekum hér með þá ósk okkar að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur og bendum á að við höfum árum saman hirt um svæðið auk þess sem virk nágrannavarsla fer þar fram.

## Lífsgæðaskerðing:

Í fyrrnefndri skipulagslýsingu sem lögð var fyrir borgarráð í nóvember 2017 kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu allt að 120 íbúða fyrir námsmenn á svæði sem nær yfir Saltfiskmóann og bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem er fullnýtt nær daglega af kirkjugestum og nemendum Tækniskólans.

Yrðu þessi áform að veruleika væri verið að fórna dýrmætri útivistarperlu sem myndi skerða lífsgæði íbúa í hverfinu verulega. Íbúar líta á Saltfiskmóann sem nokkurs konar hverfisgarð og nýta hann óspart til útivistar sér til heilsu- , ánægju- og lífsgæðaauka.

## Skortur á opnum svæðum

Sérstaða Saltfiskmóans felst í því að þetta er sjálfsprottinn náttúrugarður með annars konar gróðri en finna má á ræktuðum grænum svæðum á borð við Klambratún auk þess sem fuglalíf þar er afar líflegt. Rétt er að minna á að í stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið er gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Við tökum undir með Snorra Sigurðssyni hjá skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg að mikill skortur sé á opnum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi, ekki síst Saltfiskmóinn.

Samkvæmt skilmálaeiningum hverfaskipulags fyrir Reykjavík sem verið er að vinna um þessar mundir er Saltfiskmóinn skilgreindur sem opið svæði. Við teljum eðlilegt og rétt að þessi mikilvægi náttúru- og menningargarður verði skilgreindur í bæði aðal- og deiliskipulagi sem opið svæði og alfarið hlíft við hvers kyns byggingaráformum.

## Óttumst óafturkræf mistök

Ég sem íbúi og Borgarbúi hef góðan skilning á mikilvægi þess að þétta byggð og gera ekki athugasemdir við að slíkt sé gert á atvinnusvæðum sem fá nú nýtt hlutverk. Þéttinguna þarf hins vegar að vinna í góðri sátt við þá íbúa sem fyrir eru á svæðinu og án þess að lífsgæði þeirra séu skert eða mikilvægum útivistarsvæðum fórnað.

Með þéttingaráformum sínum í Saltfiskmóanum teljum við borgaryfirvöld vera að fara offari og óttumst að gerð verði óafturkræf mistök.

Samkvæmt opinberum fundargerðum borgarráðs frá apríl sl. er þegar búið að veita vilyrði fyrir lóðum á Sjómannaskólareitnum fyrir byggingu a.m.k. 100 íbúða ætluðum eldri borgurum og námsmönnum þrátt fyrir að hvorki sé búið að vinna aðal- né deiliskipulag fyrir reitinn og vinnu við hverfaskipulag ólokið. Við höfum því fulla ástæðu til að óttast að lítið samráð verði í reynd haft við íbúa svæðisins og lítið mark tekið á ábendingum skilgreindra hagsmunaaðila.

## Áhrif aukins byggingarmagns á umferð

Í verklýsingunni er tekið fram að við aðalskipulagsbreytinguna skuli m.a. skoða áhrif aukins byggingarmagns á grunn- og leikskóla og umferð. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn anna skólanir nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og er vandséð hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu svo vel sé.

Hvað umferð varðar hefur hún aukist mjög mikið á síðustu misserum, samfara mikilli fjölgun hótela á svæðinu, með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins. Þó borgaryfirvöld byggi nýjar íbúðir þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúar séu á bíl er það því miður ekki raunveruleikinn. Gott dæmi um þetta er bygging 235 nýrra íbúða á fyrrnefndum reit sem afmarkast af Háteigsvegi, Þverholti og Einholti. Nýir íbúar leggja nú báðum megin á Háteigsvegi (milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs) þar sem áður var aðeins lagt öðrum megin götunnar með þeim afleiðingum að ekki er lengur hægt að mæta bíl í götunni, sem er sérlega bagalegt þar sem Háteigsvegur er á áætlunarleið Strætó. Við óttumst að verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju tekið undir byggingarland fari kirkjugestir að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti.

## Samráð og sátt við íbúa

Að öllu framangreindu má ljóst vera að það er að ýmsu að huga þegar þétta skal byggð í grónum hverfum og sérdeilis mikilvægt að það sé gert í samráði og sátt við þá íbúa, hagsmunaaðila og landnýtingu sem fyrir er. Við vörum eindregið við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga.

Ég hvet til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** Gudrun Helga Teitsdottir <gudrunhelgat@gmail.com>
**Sent:** 27. maí 2018 17:29
**Til:** USK Skipulag
**Efni:** Sjómannaskólareiturinn

Ég undirrituð íbúi við Háteigsveg mótmæli byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum (Þ32) sem fram koma í verkefnislýsingu umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði þann 3. maí sl.

Verði að þessum áformum er gengið á mikilvæg græn svæði hverfisins sem ekki eru mörg og þar með útivistarsvæði íbúa fórnað.

Menningarminjar verða eyðilagðar þ.e. stakkstæðið norðan Háteigskirkju frá 1920 sem hefur menningar- og sögulegt gildi. Þrengt verður að Sjómannaskólanum sem er friðuð bygging á svæðinu og einnig Vatnsgeyminum gamla við Háteigsveg.

Fyrirsjáanleg er aukning umferðar og skortur á bílastæðum. Þegar er mikil umferð um Háteigsveg og varla hægt að mæta bíl. Bílum lagt að noðan og sunnan frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð. Strætisvagnar keyra í austur og vestur átt. Vaxandi umferð langferðabíla um götuna vegna fjölda gististaða og hótela á svæðinu. Þegar er skortur á bílastæðum m. a. vegna bílaleigubíla ferðamannn og þéttingu byggðar við Þverholt-Einholt.

Erfitt er að sjá að skólar svæðisins geti mætt aukinni fjölgun barna í hverfinu þar sem þeir anna núna ekki öllum íbúum svæðisins og stækkunarmöguleikar þeirra eru takmarkaðir.

Vandséð er að heilsugæsla Hlíðasvæðis, Drápuhlíð 14-16 geti annað fjölgun íbúa, Þar eru ekki stækkunarmöguleikar fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Guðrún Helga Teitsdóttir

## Helena Stefánsdóttir

| | |
|---|---|
| **Frá:** | birgitta@lso.is |
| **Sent:** | 27. maí 2018 17:28 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Afrit:** | Borgarstjórinn í Reykjavík; liljaa@althingi.is |
| **Efni:** | Athugasemd vegna aðalskipulagsbreytinga á Sjómannaskólareitnum |
| **Viðhengi:** | Athugasemdir BSP við byggingaráform.docx; Saltfiskstoflun-StStafn.pdf |

Ágæti viðtakandi,

undirrituð, sem er höfundar- og sæmdarrétthafi að verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara geri athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareitnum, mrk. Þ32 í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Verði byggt yfir Saltfiskmóann, sem staðsettur er á norðvesturhluta Sjómannaskólareitsins, týnist menningarsöguleg merking lágmyndarinnar Saltfiskstöflun, sem stendur vestan við Vatnshólinn í göngufæri við Sjómannaskólann, og samhengi listaverksins við umhverfið.

Þar sem listaverkið er óvarið gæti það verið í hættu þegar kemur að stórum byggingaframkvæmdum, en um unikaverk er að ræða, þ.e. þetta er eina útgáfa verksins. Yrði lágmyndin fyrir skemmdum væri hætta á að ómetanleg menningarverðmæti glötuðust.

Í viðhengi er ítarlegar gerð grein fyrir sjónarmiðum undirritaðrar, auk þess sem ástandsskýrsla forvarðar, dagsett 24. maí 2018, á listaverkinu fylgir með.

Virðingarfyllst,
Birgitta Spur

Athugasemdir BSP við byggingaráform

Undirrituð Inga Birgitta Spur, (kt. 281231-4059) sem er höfundarrétt- og sæmdarrétthafi að verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara, geri athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit, mrkt. Þ32 í aðalskipulagi Reykjavíkur.

**Saltfiskmóinn**

Ég mótmæli að stakkstæðið vestan við Sjómannaskólann verði nýtt undir húsbyggingar. Álitið er að þessi þurrkunarreitur sé síðasta stakkstæðið sem eftir er í Reykjavík og því ber að friða þessar menningarminjar. Ég tek heils hugar undir allar athugasemdir sem Íbúafélagið Vinir Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) hafa birt í greinargerð dagsettri 7.05.2018, og sem hefur verið send borgaryfirvöldum.

**Listaverk Sigurjóns Ólafssonar *Saltfiskstöflun***

*Um staðsetningu listaverksins*

Sigurjón Ólafsson (1908-1982) vann lágmyndina *Saltfiskstöflun* í Kaupmannahöfn 1934-1935 og vakti myndin gríðarlega athygli á sýningum þar ytra. Sigurjón hafði frá upphafi í huga að lágmyndin yrði greypt í framhlið húss Fiskifélags Íslands á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu, sem þá var í byggingu. Sveinn Björnsson sem þá var sendiherra Íslands í Danmörku og síðar forseti Íslands, studdi hugmyndina og skrifaði greinar í íslensk blöð haustið 1937 þar sem hann hvatti til samskota svo að auðnast mætti að setja verkið upp á Íslandi. Það var þó ekki fyrr en síðla árs 1945 að Alþingi samþykkti að veita fé til kaupa á verkinu. 1)

Lágmyndin var sett upp 1953 við Vatnsgeymana á Rauðarárholti við innkeyrslu að Sjómannaskólanum frá Háteigsvegi. 2) Því miður var hugmynd listamannsins um að lágmyndin yrði felld inn í vegg húss Fiskifélagsins ekki útfærð, en verkinu var þó fundinn staður sem tengdist sjósókn og fiskvinnslu, því það var sett upp í göngufæri við Sjómannaskólann og staðsett mitt á milli tveggja stakkstæða, annars vegar Saltfiskmóans svonefnda, sem rekið var á vegum togarafélagsins Kveldúlfs og enn er varðveitt, og hins vegar stakkstæðis sem nú er glatað, en var á mótum Stakkahlíðar og Háteigsvegar þar sem kirkja Óháða safnaðarins er í dag. Það stæði var rekið á vegum Halldórs Kr. Þorsteinssonar útgerðarmanns. 3)

**Ef Saltfiskmóinn hverfur týnist menningarsöguleg merking listaverksins og samhengi þess við umhverfið.**

*Um öryggi listaverksins á væntanlegu byggingarsvæði*

Sem höfundar- og sæmdarrétthafi að verkum Sigurjóns Olafssonar bendi ég á að listaverkið er óvarið og getur verið í hættu þegar kemur að stórum byggingaframkvæmdum. Það má bæði gera ráð fyrir mikilli umferð vinnutækja og þungaflutningabíla eftir þröngum vegum og þar að auki sprenginum fyrir grunnum, því Rauðarárholtið er klöpp eins og kunnugt er.

Lágmynd Sigurjóns Ólafssonar, *Saltfiskstöflun*, var flutt til Íslands eftir 1946 og steypt í steinsteypu. Sigurjón var ekki sjálfur á landinu þegar verkið var reist 1953, og af einhverjum ástæðum var myndin láta

halla aftur fyrir sig, þannig að sífellt safnast vatn í form hennar, sem hefur haft slæm áhrif á ástand verksins. Sjá meðfylgjandi ástandslýsingu forvarðar.

Ekki eru til steypumót af lágmyndinni og er þetta eina útgáfan, svokallað unikaverk; ómetanleg menningarverðmæti myndu því glatast ef umrædd lágmynd yrði fyrir skemmdum. Til að taka ekki óþarfa áhættu á óafturkræfum skemmdum listaverksins væri vænlegast að Reykjavíkurborg léti bronssteypufyrirtæki taka mót af lágmyndinni til þess að síðar mætti steypa listaverkið í varanlegt efni (brons).

Ég geri kröfu um að mér verði haldið upplýstri um alla framvindu hvers kyns framkvæmda á Sjómannaskólareitnum.

**Að lokum lýsi ég allri ábyrgð á hendur Reykjavíkurborgar um verndun og viðhald listaverksins.**

Reykjavík, 20.05.2018

Virðingarfyllst,

Birgitta Spur

Fylgiskjal:

Ástandslýsing á verkinu *Saltfiskstöflun* unnin af Viktor Smára Sæmundssyni, forverði.

Heimildir:

1 Sólveig Georgsdóttir: „Saltfiskstöflun – veggmynd án veggjar,“*Árbók LSÓ 1991 og 1992*, ritstjóri Birgitta Spur (Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 1993), 49-58.

2 Hafliði Jónsson: „Höggmyndir í Reykjavík mars 1984“, *Greinargerð starfsnefndar á vegum Reykjavíkurborgar* (Reykjavík, 1984), *21.*

3 Ljósmynd nr. 2 í athugasemdum *Íbúafélags Vina Saltfiskmóans* (Reykjavík, 7.05.2018).

# ÁSTANDSSKÝRSLA

SALTFISKSTÖFLUN

Sigurjón Ólafsson myndhöggvari



STUDIO STAFN EHF

Viktor Smári Sæmundsson forvörður

STUDIO STAFN

ÁSTANDSSKÝRSLA

Listaverk: *Saltfiskstöflun, lágmynd, 1934-35*
Höfundur: *Sigurjón Ólafsson myndhöggvari*
Efni. *Steinsteypa*
Stærð: *h. 4,0m x b. 3,0 m*
Staðsetning; *Rauðarárholt, við innkeyrslu að Sjómannaskólanum í Reykjavík*
Beiðni: *Birgitta Spur*
Skýrsluhöfundur: *Viktor Smári Sæmundsson forvörður*

Verkið „*Saltfiskstöflun*“ er stórt útilistaverk úr steinsteypu, fjórir metrar á hæð og þrír metrar á breidd. Framhlið þess vísar á móti vestri og er staðsett í skjóli til austurs við Vatnstankana á Rauðarárholti, framan við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

ÁSTAND

Myndverkið er í tveimur plönum með steinsteyptum ramma umhverfis og sökkli. Rammi og sökkull eru greinilega steypt í mót með mótatimbri og fyrir vikið með gróft yfirborð. Myndverkið sjálft, sem einnig er úr steinsteypu, hefur fíngerðara yfirborð.
Öll framhlið og hliðar verksins bera þess merki að hafa á einhverjum tíma verið meðhöndluð (kústuð) með ljósri „sementsblöndu“ (viðgerðarefni með óþekktu innihaldsefni) en bakhlið er ómeðhöndluð. Sprungur eru víða í myndhluta og umgjörð (sjá ljósmyndir nr. 1, 2 og 3) og eru sumar hverjar viðgerðar með ífyllingarefni, (óþekkt innihald), aðrar virðast hafa myndast eftir að verkið var viðgert. Á láréttum flötum í myndefni verksins er umfang sprungna og veðrunar hvað mest og hafa myndast sprunguflögur sem eru lausar eða við það að losna frá burðarlagi. Yfirborð er þar ójafnt og hefur rýrnað. Myndast hafa holur í yfirborð, líklega vegna samspils örverugróðurs og frostverkunar.

STUDIO
STAFN

Allt yfirborð verksins er mjög veðrað, einnig yfirborðshúð sem líklega var borin á samhliða áðurnefndri viðgerð þess. Í ójöfnum og sprungum á yfirborði hefur víða safnast fyrir örverugróður og mosi sem hraðar til muna niðurbroti burðarefnisins.

Hvort sem til stendur að láta verkið standa, sem steinsteypt verk eða steypa það í varanlegra efni, s.s. brons, er tímabært að hafa inngrip í niðurbrot og rýrnun þess. Hreinsa þarf örverugróður, gera við sprungur og misfellur á yfirborði, festa lausar flögur og verja yfirborð.

Reykjavík 24.05.2018

Viktor Smári Sæmundsson forvörður

Studio Stafn · Ingólfsstræti 6 · 101 Reykjavík · símar: 552 4470 · 898 4403 · fax: 551 0706 · viktor@studiostafn.is · www.studiostafn.is




Mynd 1. Framhlið. Áhrif veðrunar og örverumyndunar eru greinileg. Einnig má sjá sprungur og molnun í steypu.




Mynd 2. Nærmynd af fótstykki við sökkul. Sjá má lausar sprunguflögur, mosa og örverugróður.




Mynd 3. Nærmynd af nýlegri sprungu. Sjá má flögnun og örverumyndun.

**Helena Stefánsdóttir**

---

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Vinir Vatnshólsins <vatnshollinn@gmail.com> |
| **Sent:** | 27. maí 2018 19:01 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Athugasemdir við breytt skipulag Stýrimannaskólareits |
| **Viðhengi:** | Sjómannaskólareitur_aths_180527.pdf |

Ágæti viðtakandi

Í viðhengi eru andmæli 55 íbúa í nágrenni við Stýrimannaskólareit sbr. auglýst verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi.

Vinsamlega staðfestið móttöku.

F.h. Vina Vatnshólsins
Kolbrún S. Ásgeirsdóttir (663 9995)
Sunna Dögg Ásgeirsdóttir (863 1088)

# Athugasemdir við byggingaráform á Sjómannaskólareit



Við undirritaðir íbúar í nágrenni Sjómannaskólareitsins mótmælum harðlega byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum (Þ32) sem fram koma í verkefnislýsingu umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði þann 3. maí sl.[1] Að okkar mati eru þessi áform misráðin. Höfum við margt við þau að athuga og þá helst eftirfarandi:

- Skarð yrði höggið í mikilvægt grænt svæði og dregið úr lífsgæðum íbúa í hverfinu.
- Mjög yrði þrengt að minjum eða þær hreinlega eyðilagðar.
- Óásættanleg aukning yrði bæði á umferð og þörf á bílastæðum.
- Skólar anna nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og vandséð er hvernig mæta á aukinni fjölgun barna í hverfinu með góðum hætti.

Til viðbótar teljum við að ferlið sem miðar að því að breyta skipulagi svæðisins sé gallað og skorti trúverðugleika.

## Græn svæði og lífsgæði

Sjómannaskólareiturinn er mikilvægt grænt svæði í Háteigshverfinu. Þessi náttúrulegi garður gerir hverfið manneskjulegra og eykur lífsgæði þeirra sem þar búa og starfa. Hann er mikið notaður af íbúum sumur sem vetur og nýtist einnig skólunum í nágrenninu, Ísaksskóla og Háteigsskóla, sem og t.d. leikskólanum Klömbrum eins og sérstaklega er getið á heimasíðu Klambra.[2] Varla er til það barn í hverfinu sem ekki hefur farið sínar fyrstu sleðaferðir á Vatnshólnum. Vatnshóllinn, og svæðið í kringum hann, ber skilgreiningu sína sem hverfisgarður með rentu, en svo er hann skilgreindur á upplýsingavef Reykjavíkurborgar um græn svæði í Reykjavík[3] og talinn upp meðal helstu hverfisgarða borgarinnar.

Í verklýsingu hverfisskipulagsgerðar fyrir borgarhluta 03 frá árinu 2015 segir í kafla um niðurstöður samráðs við íbúa og hagsmunaaðila að komið hafi fram ósk um að gera Vatnshólinn að grænu svæði.[4] Þar kemur einnig fram að „[g]róðurþekja í [Háteigshverfi] [sé] í lágmarki eða á bilinu 41–50%. Til þess að teljast góð [þurfi] hún að vera 61–70%“.[5] Þetta rímar vel við niðurstöður í minnisblaði Snorra Sigurðssonar sem nefndar eru í glærum sem kynntar voru á fundi borgarráðs 23. nóvember sl., en þar kemur fram að mikill skortur sé á grænum svæðum frá Klambratúni til Laugardals. Nánar tiltekið segir þar að „[í] stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið [sé] gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Mikill skortur er á opnum grænum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi“.[6]

---

1 https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/sjomannaskolareitur_og_vedurstofuhhaed_verklysing.pdf

2 https://www.klambrar.is/leikskolinn/leikskolastarf og http://klambrar.is/leikskolinn/139-stefna-og-starfsaaetlun/942-skolanamskra

3 https://reykjavik.is/upplysingavefur-um-graen-svaedi-i-reykjavik

4 https://reykjavik.is/sites/default/files/Hverfisskipulag/docs/bhl-03_verklysing-30102015_send_i_kynningu_11-11-2015.compressed.pdf , bls. 147.

5 Bls. 90

6 https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_usk.pdf, bls. 12.



*Myndin er dæmigerð fyrir hvernig íbúar hafa sameinast á Vatnshólnum á merkisstundum, t.d. á áramótum, Menningarnótt og við sólmyrkvann 2013.*

Í verklýsingu hverfisskipulagsgerðar fyrir borgarhluta 03 segir einnig: „Í hverfinu eru blettir þar sem enn má finna upprunalegt gróðurlendi, s.s. mólendi, holtagróður, blómlendi og stöku votlendisbletti. Þessir staðir kunna að vera mikilvægir sem varplönd fyrir mófugla. Dæmi um slíka skika eru **lóðin við Sjómannaskólann (Tækniskólann)**, Háteigskirkju og Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Snorri Sigurðsson, líffræðingur 2014 óprentuð heimild)“ (feitletrun er undirritaðra).[7]

Allt ofangreint sýnir að alvarleg þversögn er í áætlunum um íbúðabyggð á Sjómannaskólareitnum. Í áðurnefndum glærum af fundi borgarráðs í nóvember sl. segir t.d. að til standi að „[s]kapa grundvöll fyrir lifandi samfélag með vistvæni og sjálfbærni að leiðarljósi, m.a. með því **að leggja áherslu á græn útisvæði**, góðar göngu og hjólreiðatengingar og vistvænar ofanvatnslausnir“ (feitletrun er undirritaðra). Þessum áherslum á græn útisvæði virðist eiga að ná fram með því að ganga stórkostlega á eina græna útisvæðið í hverfinu þrátt fyrir að gróðurþekja sé þegar í lágmarki og mikill skortur á opnum grænum svæðum. Staðreyndin er því miður sú að áformin fela alls ekki í sér áherslu á græn svæði. Þvert á móti fela þau í sér fyrirætlanir um að eyðileggja hverfisgarðinn, græna vin í steinsteypueyðimörk hverfisins.

[7] Bls. 92

## Minjar

Áform um byggð á Sjómannaskólalóðinni sýna merkilegum minjum þar litla virðingu. Vatnsgeymarnir í Vatnshólnum eru merkar minjar um sögu vatnsveitu og brunavarna í Reykjavík. Annar vatnsgeymanna var eitt fyrsta mannvirkið á Rauðarárholti, byggður á árunum 1915-1917, eftir miðbæjarbrunann 1915. Eldri geymirinn er því orðinn yfir 100 ára gamall. Honum var ætlað að bæta skilyrði til slökkvistarfa og koma í veg fyrir vatnsskort.[8] Hinn geymirinn var byggður árið 1930. Lítill sómi er að áætlunum þar sem ný byggð þrengir að Vatnshólnum, skemmir ásýnd hans og spillir næsta umhverfi.



*Á myndinni, sem fengin er að láni úr byggðakönnun Minjasafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 3 árið 2013[9], er horft austur yfir Rauðarárholt á þriðja áratug síðustu aldar. Vatnsgeymirinn sem byggður var 1915 er efst á holtinu í fjarska á milli bæjanna Sunnuhvols, mitt á myndinni og nær, og Háteigs, til hægri á myndinni og fjær.*

Á lóð Sjómannaskólans er einnig merkt stakkstæði frá 1920, að öllum líkindum hið síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Ekki er fjallað nánar um það hér enda eru því gerð góð skil í vandaðri umsögn íbúafélagsins Vinir saltfiskmóans. Tökum við heils hugar undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

## Umferð og bílastæði

Eins og fram kemur í umsögn Vina saltfiskmóans eru hvorki meira né minna en 1.300 nýjar íbúðir í byggingu eða áformaðar á einungis um hálfs ferkílómetra svæði í næsta nágrenni Sjómannaskólareitsins eða um 300 fleiri en heildarfjöldi íbúða í Hveragerði. Einnig er þar bent á að í hverfinu séu a.m.k. 12 hótel með hundruðum herbergja.

Við teljum að þegar sé vel í lagt í þéttingu byggðar á svæðinu og lýsum yfir áhyggjum af aukinni umferð í hverfinu sem er til þess fallin að auka loftmengun sem hljóðmengun og auka hættu fyrir gangandi vegfarendur, ekki síst börn. Nýleg reynsla af Háteigsvegi, þar sem vart er ökufært neðan

[8] http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_163.pdf
[9] http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_163.pdf

Lönguhlíðar, sýnir einnig að fyllsta ástæða er til að ætla að slík fjölgun íbúða auki stórkostlega þörf á bílastæðum, með tilheyrandi þrengslum og óþægindum.

## Skólar og fjölgun íbúða

Í verklýsingu hverfisskipulagsgerðar fyrir borgarhluta 03 frá árinu 2015 segir: „Samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjónar Háteigsskóli a.m.k. 2880 íbúðum **sem er langt yfir því viðmiði sem gefið er upp í gátlista fyrir einkunnina gott (1200–1300 íbúðir)**. Það sem ekki kemur fram er hvort skólinn anni öllum þessum fjölda. Ástand skólahverfis fær því enga einkunn vegna óvissuþáttar. Með byggingu nýrra íbúða ... verður fjöldi íbúða í skólahverfinu enn meiri og **þörfin fyrir viðbyggingu/nýjan skóla enn brýnni**"[10] (feitletrun er undirritaðra).

Í aðalskipulagi 2010-2030 fyrir borgarhluta 3[11] er gert ráð fyrir að í borgarhlutanum geti íbúðum fjölgað um 650 á tímabilinu en til viðbótar er þar gert ráð fyrir um 500 íbúðum á Hlíðarenda og nemendaíbúðum við Háskólann í Reykjavík. Gert var ráð fyrir að þessar 650 íbúðir bættust við skólahverfi Háteigsskóla og yrðu þá í lok tímabilsins 3.070 íbúðir í hverfi skólans.

Það er því með hreinum ólíkindum nú þegar tímabil aðalskipulagsins er ekki hálfnað að þá skuli fjöldi nýbyggðra og fyrirhugaðra nýrra íbúða í hverfinu vera næstum 1.300, sbr. greinargott yfirlit í athugasemdum Vina saltfiskmóans. Byggingarmagnið er því þegar tvöfalt það sem gert var ráð fyrir í aðalskipulaginu. Hér er farið offari.

Í vetur voru um 450 nemendur í Háteigsskóla.[12] Eins og að ofan greinir þá þjónustar skólinn a.m.k. 2.880 íbúðir og eru því um 0,16 nemendur í skólanum á hverja íbúð sem skólinn þjónustar eða öllu heldur á hverja íbúð sem skólinn á að þjónusta. Í áðurnefndum athugasemdum Vina saltfiskmóans kemur nefnilega fram að skólastjórnendur í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn telji skólana nú þegar ekki anna öllum íbúum hverfisins. Varlega áætlað þýðir 1.300 íbúða fjölgun í hverfinu að gera þarf ráð fyrir rúmlega 200 fleiri nemendum í Háteigsskóla (eða öðrum nýjum skóla í hverfinu) og hugsanlega mun fleiri. Tökum við undir með Vinum saltfiskmóanas að vandséð er hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu með góðum hætti.

## Umsagnarferli skortir trúverðugleika

Að lokum gerum við alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð borgaryfirvalda sem gera það að verkum að umsagnarferlið skortir trúverðugleika. Full ástæða er til að óttast að umsagnarferlið sé einungis formsatriði sem í reynd muni hafa takmarkaða þýðingu.

Í janúar á síðasta ári var haldinn blaðamannafundur þar sem borgarstjóri og formaður og framkvæmdastjóri Byggingafélags námsmanna (BN)skrifuðu undir viljayfirlýsingu um byggingu 250 – 300 íbúða fyrir félagsmenn BN á næstu árum. Þar lýstu „Reykjavíkurborg og Byggingafélag námsmanna yfir vilja til að efna til viðræðna við ríkissjóð um að fá afnot af hluta af lóð Sjómannaskólans við Háteigsveg 35-39 og að endurskoða fyrirliggjandi deiliskipulag á lóð félagsins að Háteigsvegi 31-33 til reisa þar um 50 námsmannaíbúðir".[13] Viljayfirlýsingin fékk töluverða umfjöllun í fjölmiðlum.

---

[10] Bls. 88

[11] https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/03_hlidar.pdf

[12] https://hateigsskoli.is/hateigsskoli/um-skolann

[13] Sjá frétt á vef Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/frettir/byggdar-verda-250-300-namsmannaibudir

Í júní á síðasta ári lauk svo viðræðum Reykjavíkurborgar og ríkisins með viljayfirlýsingu þar sem sagði m.a.: „Ríkissjóður og Reykjavíkurborg eru sammála um að [Sjómannaskólanum] verði afmörkuð hæfileg lóð miðað við þarfir hans. Aðrir hlutar svæðisins gangi til Reykjavíkurborgar til uppbyggingar íbúðahúsnæðis og unnin verði í deiliskipulagsbreyting fyrir reitinn er miði að því að þar rísi íbúðir fyrir námsmenn og íbúðir sem henti ungu fólki til fyrstu kaupa. Áætlað er að mögulegt sé að byggja um 120 íbúðir á lóðinni“.[14]

Það samræmist ekki lýðræðislegum og góðum stjórnarháttum þegar borgaryfirvöld snúa ferlinu svona á haus og stilla sér upp við vegg með loforðum sem þau skortir heimild til að gefa. Ekki bætir úr skák þegar loforðin eru gefin með pompi og prakt gagnvart tilteknum aðilum í þjóðfélaginu eins og borgaryfirvöld gerðu í þessu tilfelli gagnvart Byggingafélagi námsmanna. Þetta getur gert borgaryfirvöldum pólítískt erfitt að láta ekki verða af áformunum óháð því sem fram kann að koma í umsagnarferli vegna tillagna um breytingar á skipulagi sem eru nauðsynlegar til að standa við loforðin. Við gerum alvarlegar athugasemdir við slík vinnubrögð og gerum þá sjálfsögðu lýðræðislegu kröfu að tekið verði tillit til sjónarmiða og athugasemda íbúa í nágrenni Sjómannaskólareitsins.

## Vinir Vatnshólsins

Til að standa vörð um hverfisgarðinn okkar höfum við stofnað til félagsskaparins „Vinir Vatnshólsins“. Tölvupóstfang hópsins er **vatnshollinn@gmail.com** og Facebook síða hans **https://www.facebook.com/vinirvatnsholsins/**

Reykjavík, 27. maí

| | |
|---|---|
| Magnús Harðarson | kt. 1402663889 |
| Rosina Vilhjálmsson | kt. 0407627879 |
| Eggert Eggertsson | kt. 2406725969 |
| Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir | kt. 1706743249 |
| Sunna Dögg Ásgeirsdóttir | kt. 0301824999 |
| Haukur Hrafn Þorsteinsson | kt. 1612824809 |
| Brynja Scheving | kt. 1709684099 |
| Bára Magnúsdóttir | kt. 1502655689 |
| Ágúst Kr Björnsson | kt. 2212564849 |
| Þórhildur Ýr Valsdóttir | kt. 1906743429 |
| Anna Jóna Jóhannsdóttir | kt. 0508594879 |
| Ásdís Gísladóttir | kt. 0101503619 |

[14] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/06/02/Viljayfirlysing-rikis-og-borgar-um-aukid-frambod-loda/

| | |
|---|---|
| Sveinn Ernstson | kt. 0805675969 |
| Bergþóra Skarphéðinsdóttir | kt. 1403564099 |
| Hrafnkell Björnsson | kt. 3010484169 |
| Dagbjört Aðalsteinsdóttir | kt. 0408494329 |
| Edda S. Gísladóttir | kt. 2008744129 |
| Jóhann Heiðar Jóhannsson | kt. 0807452739 |
| Kristín Steinsdóttir | kt. 1103463289 |
| Marín Hrafnsdóttir | kt. 2703684689 |
| Þorgeir Tryggvason | kt. 1810684779 |
| Hulda B Hákonardóttir | kt. 0306514059 |
| Sóley Einarsdóttir | kt. 2708862219 |
| Stefán Berg Rafnsson | kt. 0503704109 |
| Silja Björk Huldudóttir | kt. 0312766089 |
| Friðrik Fannar Jónasson | kt. 1502912679 |
| Ásgerður Fríða Vigfúsdóttir | kt. 3103684319 |
| Fjölnir Ernis Sigvaldason | kt. 2701673229 |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | kt. 2010694839 |
| Hermann Jónsson | kt. 0708695949 |
| Edda Scheving | kt. 2110942579 |
| Sigurður Reynir Harðarson | kt. 1612733339 |
| Jökull Máni Reynisson | kt. 0602972079 |
| Eggert Einarsson | kt. 2301776199 |
| Arngrímur Vídalín | kt. 0111842359 |
| David Kristófer Young | kt. 2709804309 |
| Jóhann Torfi Ólafsson | kt. 0710852799 |
| Stefanía Scheving Thorsteinsson | kt. 0103862689 |
| Sigrún Ásta Jörgensen | kt. 1209892199 |

| | |
|---|---|
| Eva Georgsdóttir | kt. 0702835819 |
| Sigríður Guðmundsdóttir | kt. 1402544019 |
| Kristján Jón Eysteinsson | kt. 1806513579 |
| Ragnheiður M Kristjánsdóttir | kt. 2002932669 |
| Agnar Hansson | kt. 1512653329 |
| Dóra Júlía Agnarsdóttir | kt. 0809923359 |
| Theodóra Thoroddsen | kt. 0503502909 |
| Helga Margrét Agnarsdóttir | kt. 2008982069 |
| Drífa Nadia Mechiat | kt. 2112754999 |
| Mark Anthony Rodriguez | kt. 0204744089 |
| Jóhanna Cortes Andrésdóttir | kt. 0402754609 |
| Hallgerður Arnórsdóttir | kt. 1012493369 |
| Helgi Gíslason | kt. 2408477799 |
| Sandra Dögg Jónsdóttir | kt. 2703744339 |
| Laufey Gunnarsdóttir | kt. 0401522379 |
| Vildís Guðmundsdóttir | kt. 1311542599 |

## Helena Stefánsdóttir

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Silja Björk Huldudóttir <siljahuldu@gmail.com> |
| **Sent:** | 27. maí 2018 19:32 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Athugasemdir húsfélagsins að Nóatúni 31 við byggingaráform á Sjómannaskólareitnum |

Ágæti viðtakandi,

húsfélagið að Nóatúni 31 (kt. 421189-1619) mótmælir byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum sem nú er í aðalskipulagsferli hjá Reykjavíkurborg. Við tökum undir allar athugasemdir íbúafélagsins Vina Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) frá 7. maí 2018 sem þegar hafa verið sendar borgaryfirvöldum.

Við óttumst að óafturkræf mistök verði gerð og mikilvægar menningarminjar glatist ef byggt verði í Saltfiskmóanum svonefnda sem hefur að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber borgaryfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Borgaryfirvöldum ber einnig að standa vörð um sjálfssprottna náttúrugarðinn á Rauðarárholti sem skapar mikilvæga græna tengingu milli Klambratúns og Laugardals auk þess að vera skjól fyrir ríkulegt fuglalíf. Við hvetjum til þess að Saltfiskmóinn verði skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulaginu og vörum við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga á Sjómannaskólareitnum.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að í verklýsingu hverfisskipulags fyrir borgarhluta 3 - Hlíðar frá árinu 2015 segir í kafla 3.1.4.4. um vistkerfi og minjar að við skipulag hverfisins verði „svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi leyft að halda sér eins og mögulegt er" og sérstaklega vísað í lóðina við Sjómannaskólann og Háteigskirkju.

Síðar í sama kafla er tekið fram að taka eigi tillit til „þeirra grágrýtisklappa sem enn eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Sérstaklega á þetta við þar sem um þróunarsvæði er að ræða, við Sjómannaskólann". Jafnframt er minnt á þau fjölmörgu hús og mannvirki í hverfinu sem hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og tekið fram að leitast verði „við að undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu." Í því samhengi má nefna Sjómannaskólann, sem var friðlýstur árið 2008 og Vatnshólinn, sem rúmar vatnstanka frá 1915 og 1930 sem tengjast sögu vatnsveitu og brunavarna í Reykjavík.

Sérstaklega er tekið fram að í skipulagsvinnu verði „áhersla lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á óraskað land. Almennt verður litið til tegundar lands sem tekið verður undir möguleg uppbyggingarsvæði" og Sjómannaskólareiturinn, með Háteigskirkju/Tækniskólann (Þ32), sérstaklega nefndur í því samhengi.

Síðar í sömu verklýsingu, í kafla 3.2.1.2.7., er sérstaklega tekið fram að gróðurþekja í hverfinu sé í lágmarki eða á bilinu 41–50%, en til þess að teljast góð þyrfti hún að vera 61–70%. Í því ljósi væri glapræði að hrófla við og fórna óröskuðu landi á Sjómannaskólareitnum sem myndar mikilvæga gróðurþekju í hverfinu.

Hér má minna á að samkvæmt nýlegri úttekt hollenska ferðaþjónustufyrirtækisins TravelBird er Reykjavík aðeins í 37. sæti af þeim 50 borgum sem skoðaðar voru þegar hlutfall grænna svæða innan borgarmarka var skoðað. Samkvæmt úttektinni telst hlutfall grænna svæða innan borgarmarka í Reykjavík 18% samanborið við tæp 57% í Prag, sem trónir efst á listanum. Af þeim samtals tæplega 411 fm af grænum svæðum á hvern íbúa í Reykjavík teljast 223 fm friðlönd á borð við Heiðmörk, tæpir 76 fm eru skóglendi, 58 fm eru grasfletir, 31 fm er ræktarland, 16 fm eru golfvellir, en aðeins 5 fm eru almenningsgarðar. Íbúar borgarinnar verða að hafa aðgengi að grænum svæðum innan borgarmarkanna í göngufæri, enda ekki hægt að vísa öllum ýmist upp í Heiðmörk eða á Kjalarnes til að njóta útivistar og grænna svæða. Grænu svæðin innan borgarmarka veita mikilvægt andrými og auka lífsgæði borgarbúa.

Við deilum áhyggjur Vina Saltfiskmóans um stóraukna umferð í hverfinu samfara mikilli fjölgun hótela og íbúða á síðustu misserum, en á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur Saltfiskmóann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar

tæplega 1.300 nýjar íbúðir með tilheyrandi umferð. Við það bætast síðan a.m.k. tólf nýlega byggð hótel með hundruðum herbergja með tilheyrandi umferðarþunga.

Verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem í dag er fullnýtt nær daglega af nemendum Tækniskólans, kirkjugestum, gestum safnaðarheimilisins og íbúum námsmannaíbúðanna við Háteigsveg, tekið undir íbúðabyggð þar sem bílastæðaþörf miðast við samnýtingu óttumst við að kirkjugestir, nemendur og væntanlegir íbúar fari að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti sambærilegt við það sem er reyndin á Háteigsvegi neðan við Lönguhlíð eftir að byggðar voru 235 íbúðir með lágmarksfjölda bílastæða á íbúð á mótum Háteigsvegar og Einholts/Þverholts. Það er alveg ljóst að ekki verður hægt að vísa öllum íbúum, nemendum og kirkjugestum út í Nóatún.

Við gagnrýnum þessa miklu fjölgun íbúða á jafnlitlu svæði á sama tíma og ekki eru gerðar neinar ráðstafanir til að stækka grunnskólann og leikskóla hverfisins né heldur heilsugæsluna, en nú þegar er margra vikna bið eftir tíma hjá heimilislækni á heilsugæslu Hlíða. Samkvæmt upplýsingum frá Háteigsskóla er staðan þegar sú að börn í hverfinu eru nú þegar á biðlista eftir að komast inn í 1. bekk í haust, þar sem skólinn annar ekki núverandi íbúðafjölda. Í fyrrnefndri verklýsingu frá 2015 kemur í kafla 3.2.1.1.3. fram að samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjóni „Háteigsskóli a.m.k. 2.880 íbúðum sem er langt yfir því viðmiði sem gefið er upp í gátlista fyrir einkunnina gott (1.200–1.300 íbúðir)." Ámælisvert er að stórfjölga íbúðum í hverfinu án þess að huga að stækkunarmöguleikum Háteigsskóla.

Auk allra ofangreindra þátta hafa íbúar að Nóatúni 31 miklar áhyggjur af mögulegum sprengingum á Sjómannaskólareitnum, en Rauðarárholtið er sem kunnugt er klöpp og engin tilviljun að ekki hefur verið sprengt fyrir neinum kjöllurum í húsunum sem standa austanmegin í Nóatúninu frá Háteigsvegi að Laugavegi. Íbúar hússins fundu afar vel fyrir sprengingum í Þverholti/Einholti þegar verið var að byggja þar fyrir skemmstu og óttast mögulegar skemmdir á íbúðareignum sínum í Nóatúni 31 verði farið að sprengja í Saltfiskmóanum og á bílastæðinu norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju. Við áskiljum okkur allan rétt til að krefja borgina um skaðabætur valdi sprengingar skemmdum á Nóatúni 31.

Við höfum verulegar áhyggjur af því að íbúar að Nóatúni 31 geti orðið fyrir alvarlegri birtuskerðingu, mögulegri skuggamyndum og þar með lífsgæðaskerðingu ef ætlunin er að byggja þriggja hæða hús með kvisti til viðbótar alveg upp að lóðarmörkum austan og sunnan við Nóatún 31. Rétt er að benda á að í þremur af fimm íbúðum hússins snúa 90% af gluggum íbúðanna ýmist í austur eða suður, þ.e. í þær tvær áttir þar sem ætlunin er að byggja 120 íbúðir samkvæmt lýsingu umhverfis- og skipulagssviðs vegna deiliskipulags Sjómannaskólareits sem lögð var fram í Borgarráði 3. nóvember 2017. Birtuskerðing og skuggamyndun myndi rýra verðgildi eigna okkar að Nóatúni 31. Íbúar hússins áskilja sér því allan rétt til að leita réttar síns gagnvart borginni verði dagsbirtan á lóð Nóatúns 31 sem og náttúruleg birta inni í íbúðum hússins skert vegna mögulegra byggingaframkvæmda á Sjómannaskólareitnum.

Að lokum gerum við alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð borgaryfirvalda að auglýsa eftir samstarfsaðilum til að byggja á Sjómannaskólareitnum áður en frestur til að skila athugasemdum við aðalskipulagsbreytinguna er liðinn. Þetta gerir það að verkum að umsagnarferlið vegna aðalskipulagsbreytinganna skortir allan trúverðugleika.

Virðingarfyllst,

Birgir Þórisson
Magdalena M. Hermannsdóttir
Silja Björk Huldudóttir

sem skipa stjórn húsfélagsins að Nóatúni 31

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** Lóa Margrét Hauksdóttir <loamargret@gmail.com>
**Sent:** 27. maí 2018 21:05
**Til:** USK Skipulag
**Efni:** Plís ekki skemma Vatnshólinn

Kæra borgarstjórn

Ég vil alls ekki að þið byggið hús hjá Vatnshólnum. Vatnshóllinn er uppáhalds hóllinn minn af því að það er svo gott útsýni og gaman að leika sér á honum. Ég fer stundum í leiki á hólnum með vinkonum mínum og það er mjög gaman. Hóllinn er líka svo fallegur og skemmtilegur og þess vegna var ég mjög leið þegar kveikt var í hólnum. Plís ekki byggja hús hjá hólnum. Ég ímynda mér stundum að hurðarnar á hólnum séu verndar risar. Vatnshóllinn er ævintýraheimur fyrir mér. Hann er líka besta sleðabrekkan og ég væri frekar til í að fá almennilegar tröppur til að komast upp á hólinn og rennibraut niður og útsýnisskífu til að kenna mér hvað öll fjöllin heita sem ég sé þegar ég stend uppá hólnum. Þið mættuð líka laga drullustæðið í kring. Gerið það ekki skemma svæðið í kringum Vatnshólinn. Hóllinn er partur af hjartanu mínu.

Kær kveðja
Lóa Margrét Hauksdóttir 10 ára
Kt.0605082080

Sent from my iPhone

**From:** Hrafnhildur Ragnarsdóttir [mailto:hrafnh@fg.is]
**Sent:** 27. maí 2018 21:05
**To:** USK Skipulag
**Subject:**

Komið þið sæl

Í viðhengi er umsögn íbúa í Skipholti 36 um áformaðar byggingaframkvæmdir á Sjómannaskólareit-Saltfiskmóanum.

Með kveðju

Hrafnhildur Ragnarsdóttir
180359-3469
Skipholti 36
105 Reykjavík

Ágæti viðtakandi,

Íbúar í Skipholti 36 mótmæla byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum sem nú er í aðalskipulagsferli hjá Reykjavíkurborg. Við tökum undir allar athugasemdir íbúafélagsins Vina Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) frá 7. maí 2018 sem þegar hafa verið sendar borgaryfirvöldum.

Við óttumst að óafturkræf mistök verði gerð og mikilvægar menningarminjar glatist ef byggt verði í Saltfiskmóanum svonefnda sem hefur að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber borgaryfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Borgaryfirvöldum ber einnig að standa vörð um sjálfssprottna náttúrugarðinn á Rauðarárholti sem skapar mikilvæga græna tengingu milli Klambratúns og Laugardals auk þess að vera skjól fyrir ríkulegt fuglalíf. Við hvetjum til þess að Saltfiskmóinn verði skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulaginu og vörum við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistarsvæða, menningarminja og friðaðra bygginga á Sjómannaskólareitnum.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að í verklýsingu hverfisskipulags fyrir borgarhluta 3 - Hlíðar frá árinu 2015 segir í kafla 3.1.4.4. um vistkerfi og minjar að við skipulag hverfisins verði „svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi leyft að halda sér eins og mögulegt er" og sérstaklega vísað í lóðina við Sjómannaskólann og Háteigskirkju.

Síðar í sama kafla er tekið fram að taka eigi tillit til „þeirra grágrýtisklappa sem enn eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Sérstaklega á þetta við þar sem um þróunarsvæði er að ræða, við Sjómannaskólann". Jafnframt er minnt á þau fjölmörgu hús og mannvirki í hverfinu sem hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og tekið fram að leitast verði „við að undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu." Í því samhengi má nefna Sjómannaskólann, sem var friðlýstur árið 2008 og Vatnshólinn, sem rúmar vatnstanka frá 1915 og 1930 sem tengjast sögu vatnsveitu og brunavarna í Reykjavík.

Sérstaklega er tekið fram að í skipulagsvinnu verði „áhersla lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á óraskað land. Almennt verður litið til tegundar lands sem tekið verður undir möguleg uppbyggingarsvæði" og Sjómannaskólareiturinn, með Háteigskirkju/Tækniskólann (Þ32), sérstaklega nefndur í því samhengi.

Síðar í sömu verklýsingu, í kafla 3.2.1.2.7., er sérstaklega tekið fram að gróðurþekja í hverfinu sé í lágmarki eða á bilinu 41–50%, en til þess að teljast góð þyrfti hún að vera 61–70%. Í því ljósi væri glapræði að hrófla við og fórna óröskuðu landi á Sjómannaskólareitnum sem myndar mikilvæga gróðurþekju í hverfinu.

Hér má minna á að samkvæmt nýlegri úttekt hollenska ferðaþjónustufyrirtækisins TravelBird er Reykjavík aðeins í 37. sæti af þeim 50 borgum sem skoðaðar voru þegar hlutfall grænna svæða innan borgarmarka var skoðað. Samkvæmt úttektinni telst hlutfall grænna svæða innan borgarmarka í Reykjavík 18% samanborið við tæp 57% í Prag, sem trónir efst á listanum. Af þeim samtals tæplega 411 fm af grænum svæðum á hvern íbúa í Reykjavík teljast 223 fm friðlönd á borð við Heiðmörk, tæpir 76 fm eru skóglendi, 58 fm eru grasfletir, 31 fm er ræktarland, 16 fm eru golfvellir, en aðeins 5 fm eru almenningsgarðar. Íbúar borgarinnar verða að hafa aðgengi að grænum svæðum innan borgarmarkanna í göngufæri, enda ekki hægt að vísa öllum ýmist upp í Heiðmörk eða á Kjalarnes til að njóta útivistar og grænna svæða. Grænu svæðin innan borgarmarka veita mikilvægt andrými og auka lífsgæði borgarbúa.

Við deilum áhyggjum Vina Saltfiskmóans um stóraukna umferð í hverfinu samfara mikilli fjölgun hótela og íbúða á síðustu misserum, en á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur Saltfiskmóann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar tæplega 1.300 nýjar íbúðir með tilheyrandi umferð. Við það bætast síðan a.m.k. tólf hótel með hundruðum herbergja með tilheyrandi umferðarþunga.

Verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem í dag er fullnýtt nær daglega af nemendum Tækniskólans, kirkjugestum, gestum safnaðarheimilisins og íbúum námsmannaíbúðanna við Háteigsveg, tekið undir íbúðabyggð þar sem bílastæðaþörf miðast við samnýtingu óttumst við að kirkjugestir, nemendur og væntanlegir íbúar fari að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti sambærilegt við það sem er reyndin á Háteigsvegi neðan við Lönguhlíð eftir að byggðar voru 235 íbúðir með lágmarksfjölda bílastæða á íbúð á mótum Háteigsvegar og Einholts/Þverholts. Það er alveg ljóst að ekki verður hægt að vísa öllum íbúum, nemendum og kirkjugestum út í Nóatún.

Við gagnrýnum þessa miklu fjölgun íbúða á jafnlitlu svæði á sama tíma og ekki eru gerðar neinar ráðstafanir til að stækka grunnskólann og leikskóla hverfisins né heldur heilsugæsluna, en nú þegar er margra vikna bið eftir tíma hjá heimilislækni á heilsugæslu Hlíða. Samkvæmt upplýsingum frá Háteigsskóla er staðan sú að börn í hverfinu eru nú þegar á biðlista eftir að komast inn í 1. bekk í haust, þar sem skólinn annar ekki núverandi íbúðafjölda. Í fyrrnefndri verklýsingu frá 2015 kemur í kafla 3.2.1.1.3. fram að samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjóni „Háteigsskóli a.m.k. 2.880 íbúðum sem er langt yfir því viðmiði sem gefið er upp í gátlista fyrir einkunnina gott (1.200–1.300 íbúðir)." Ámælisvert er að stórfjölga íbúðum í hverfinu án þess að huga að stækkunarmöguleikum Háteigsskóla.

Auk allra ofangreindra þátta hafa íbúar í Skipholti 36 miklar áhyggjur af mögulegum sprengingum á Sjómannaskólareitnum, en Rauðarárholtið er sem kunnugt er klöpp og engin tilviljun að ekki hefur verið sprengt fyrir neinum kjöllurum í húsunum sem standa austanmegin í Nóatúninu frá Háteigsvegi að Laugavegi. Íbúar hússins fundu afar vel fyrir sprengingum í Þverholti/Einholti þegar verið var að byggja þar fyrir skemmstu og óttast mögulegar skemmdir á íbúðareignum sínum í Skipholti 36 verði farið að sprengja í Saltfiskmóanum og á bílastæðinu norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju. Við áskiljum okkur allan rétt til að krefja borgina um skaðabætur valdi sprengingar skemmdum á Skipholti 36.

Að lokum gerum við alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð borgaryfirvalda að auglýsa eftir samstarfsaðilum til að byggja á Sjómannaskólareitnum áður en frestur til að skila athugasemdum við aðalskipulagsbreytinguna er liðinn. Þetta gerir það að verkum að umsagnarferlið vegna aðalskipulagsbreytinganna skortir allan trúverðugleika.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd íbúa í Skipholti 36

105 Reykjavík

Hrafnhildur Ragnarsdóttir

180359-3469

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** jingi@mmedia.is
**Sent:** 27. maí 2018 21:12
**Til:** USK Skipulag
**Efni:** Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform áSjómannaskólareit

Til þeirra sem málið varðar .

Vegna fyrirhugaðra breytinga á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannareitnum vil ég koma eftirfarandi á framfæri .

Nú þegar er orðið mjög lítið um græn svæði ( útivistar svæði ) í hverfinu og er mikilvægt að passa upp á þau sem og þær söguminjar sem sem á Saltfiskreitnum eru og hlífa þeim við byggingaáformum .

Þegar er búið að þétta byggð á þessu svæði ( Einholt - Þverholt ) og fyrirhuguð íbúðabyggð á Heklureitnum .

Skóli og leikskólar hverfisins eru nú þegar sprungnir og ástæðulaust að
fjölga íbúðum með börnum á grunn- og leikskóla aldri , enn frekar .

Einnig er umferð orðin mikil á Háteigsveginum , við skóla og leikskóla
, og ástæðulaust að bæta þar við .

Ég hvet því til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við
byggingaráformum og þess í stað skilgreindur
sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að
njóta sín í einstökum og villtum
hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst

Jóhannes Ingi Bjarnason

Skipholti 46

## Helena Stefánsdóttir

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Eirikur Sigurdsson <eirikur.sig@gmail.com> |
| **Sent:** | 27. maí 2018 21:31 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Athugasemdir vegna aðalskipulagsbreytingu í nágrenni Sjómannaskólans |

Góðan daginn
Ég vil gera athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi í nágrenni Sjámannaskólans. Þar stendur til að eyðileggja eitt af síðustu hálfvilltu og hálfnáttúrulegu svæðunum í Reykjavík og skerða um leið verulega græn svæði í Hlíðunum, sem þegar eru orðin of lítil, samkvæmt mælikvörðum sem borgin sjálf miðar við. Svæðið er vinsælt leiksvæði barna og útivistarsvæði fullorðinna, ekki bara fólks í næsta nágrenni, heldur einnig annarra íbúa Hlíða, norðan Miklubrautar. V atnshólinn og svæðið í kring um hann er vinsæll hjá börnum til að renna sér á og vinsæll útsýnisstaður íbúa og ferðamanna. Vatnshóllinn sem og saltfisksmóinn eru ennfremur einstakar sögulegar minjar innan borgarmarkanna og þarf að vernda sem slíkar. Í flestum borgum væri litið á slíkt svæði sem einstök verðmæti sem þyrfti að vernda. Þetta er eitt af fáum svæðum í Reykjavík þar sem hægt er að upplifa hálfvillta náttúru. Það er mjög dýrmætt þess vegna og með ólíkindum að borgaryfirvöld skulu leggja áherslu á að útrýma slíkum svæðum þar sem borgin nær að anda aðeins. Það er ekki í samræmi við áherslur á grænan lífstíl og sjálfbærni.
kveðja,
Eiríkur Sigurðson
kt 0711703659

**Helena Stefánsdóttir**

---

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Petra Bragadóttir <PETRA@fa.is> |
| **Sent:** | 27. maí 2018 22:11 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Athugasemd vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Rvk 2010-2030 Veðurstofuhæð (Þ35) |
| **Viðhengi:** | Undirskriftalisti Vedurstofuhaed .pdf |

Til þess er málið varðar

Hér með er komið á framfæri athugasemd við fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2013 á Veðurstofuhæð(Þ35).

Íbúar í Stigahlíð mótmæla harðlega fyrirhuguðum breytingum á Veðurstofuhæð þar sem um er að ræða mikið notað útivistarsvæði af íbúum hverfisins.

Þar sem hverfið er umlukið umferðarmestu götum landsins er því enn mikilvægara að halda í þetta eina græna svæði sem íbúar geta nýtt til útivistar án þess að þurfa að fara yfir þessar fjölförnu götur.

Frekar væri ástæða til að fjölga möguleikum til útivistar og afþreyingar með betri aðstöðu í góðri sátt við starfsemi Veðurstofu sem gegnir mikilvægu hlutverki og hefur safnað verðmætum gögnum um veðurfar.

Meðfylgjandi eru undirskriftir frá íbúum í Stigahlíð ofan Hamrahlíðar þar sem þessum fyrirhuguðu breytingum er mótmælt.

Fyrir hönd íbúa í Stigahlíð

Petra Bragadóttir
Stigahlíð 91
105 Reykjavík
petra@fa.is

Reykjavík 26. maí 2018

Við íbúar í Stigahlíð mótmælum harðlega hugmyndum um byggingu á Veðurstofuhæð þar sem um er að ræða mikið notað útivistarsvæði af íbúum hverfisins.

Hverfið er umlukið umferðarmestu götum landsins og því enn mikilvægra að halda í þetta eina græna svæði sem íbúar geta nýtt sér til útivistar.

Frekar væri ástæða til að fjölga möguleikum til útivistar og afþreyingar með betri aðstöðu í góðri sátt við starfsemi Veðurstofu sem gegnir mikilvægu hlutverki og hefur safnað verðmætum gögnum um veðurfar. Ekki má þrengja að starfsemi Veðurstofunnar sem þarf að geta vaxið inn í framtíðina.

| Nafn | Heimilisfang | Kennitala |
|---|---|---|
| Örn Þórðarson | Stigahlíð 83 | 040461 4779 |
| [illegible] | STIGAHLÍÐ 91 | 240761-2119 |
| Petra Bragadóttir | Stigahlíð 91 | 220163-2539 |
| [illegible] Kristinsd. | Stigahlíð 83 | 171065-8189 |
| Guðbjörg K. Axelsd. | Stigahlíð 93 | 040275-4799 |
| Gunnar Páll Tryggvason | Stigahlíð 93 | 091277-5229 |
| Ásthildur S. Þorsteinsd. | Stigahlíð 89 | 131260-2889 |
| Sigurður Páll Pálsson | Stigahlíð 89 | 151160-9849 |
| Njáll Eiðsson | Stigahlíð 87 | 070658-2599 |
| [illegible] | Stigahlíð 87 | 160165-3839 |
| [illegible] | Stigahlíð 94 | 030761-5109 |

| Nafn | Heimilisfang | Kennitala |
|---|---|---|
| [illegible] | Stigahlíð 78 | 240966-2989 |
| Maria Magnúsd. | Stigahlíð 78 | 280176-4199 |
| [illegible] | Stigahlíð 90 | 060260-5629 |
| [illegible] | Stigahlíð 63 | 240278-4059 |
| [illegible] | Stigahlíð 63 | 090368-3709 |
| [illegible] | Stigahlíð 67 | 280364-5859 |
| Sandra Sæbjörnsdóttir | Stigahlíð 67 | 240488-2059 |
| [illegible] | Stigahlíð 57 | 120564-3319 |
| Bjarnfríður Vala Eyjólfsd. | Stigahlíð 57 | 101264-4329 |
| [illegible] | Stigahlíð 81 | 111057-1929 |
| [illegible] | Stigahlíð 53 | 160569-4339 |
| | | |
| Edda Ingibjörg Eggertsd. | Stigahlíð 49 | 050984-2659 |
| | Stigahlíð 49 | 210284-3469 |
| Eva Joachimsdóttir | Stigahlíð 57 | 281173-4139 |
| [illegible] | Stigahlíð 79 | 090554-4929 |
| Hólmfríður Sigurðard. | Stigahlíð 79 | 080756-5699 |
| [illegible] | Stigahlíð 75 | 180261-5249 |
| [illegible] | Stigahlíð 75 | 211159-6429 |

| Nafn | Heimilisfang | Kennitala |
| --- | --- | --- |
| Þorkell Kristinsson | Stigahlíð 75 | 071292-2079 |
| Ragnhildur Kristinsdóttir | Stigahlíð 75 | 060997-2099 |
| [illegible] | —"— 73 | 060763-5939 |
| Kristinn Sigvaldason | Stigahlíð 69 | 260657-4379 |
| Guðrún Jóhannsdóttir | Stigahlíð 69 | 260857-5849 |
| [illegible] | Stigahlíð 50 | 230954-5859 |

404

Reykjavík 26. maí 2018

Við íbúar í Stigahlíð mótmælum harðlega hugmyndum um byggingu á Veðurstofuhæð þar sem um er að ræða mikið notað útivistarsvæði af íbúum hverfisins.

Hverfið er umlukið umferðarmestu götum landsins og því enn mikilvægra að halda í þetta eina græna svæði sem íbúar geta nýtt sér til útivistar.

Frekar væri ástæða til að fjölga möguleikum til útivistar og afþreyingar með betri aðstöðu í góðri sátt við starfsemi Veðurstofu sem gegnir mikilvægu hlutverki og hefur safnað verðmætum gögnum um veðurfar. Ekki má þrengja að starfsemi Veðurstofunnar sem þarf að geta vaxið inn í framtíðina.

| Nafn | Heimilisfang | Kennitala |
|---|---|---|
| Bjarni Jóhanns | Stigahlíð 85 | 091260-2209 |
| Auður Þórarinsdóttir | Stigahlíð 85 | 050162-2499 |
| [illegible] | Stigahlíð 62 | 240425-2209 |
| Berglind Jónsdóttir | Stigahlíð 42 | 171267-3159 |
| [illegible] | Stigahlíð 68A | 160872-5439 |
| Linda Björk Sævarsd | Stigahlíð 68a | 140473-3919 |
| Eygrún Thorstensen | Stigahlíð 68 | 021168-5649 |
| [illegible] | Stigahlíð 68 | 090969-4479 |
| Sigurður Ragnarsson | Stigahlíð 58 | 100665-5659 |
| Þórdís Kjartansdóttir | Stigahlíð 58 | 190665-3059 |
| Ólafía Ólafsdóttir | Stigahlíð 56 | 041256 3709 |
| Sigurður Tómas Magnússon | Stigahlíð 52 | 150660-4329 |
| Hildur Konráðsd. | Stigahlíð 52 | 050863-4849 |

| Nafn | Heimilisfang | Kennitala |
|---|---|---|
| Jón Norland | Stigahlíð 94 | 070557-3989 |
| Guðmundur Óli Norland | Stigahlíð 94 | 300993-3389 |
| [illegible] | Stigahlíð 92, R | 250963 3359 |
| Ingibjörg Þórðardóttir | Stigahlíð 92 | 130864-3339 |
| Kristín Aðalsteinsdóttir | Stigahlíð 88 | 011173-3659 |
| Ragnar Ármannsson | Stigahlíð 88 | 090965-3329 |
| Jóhanna Helgadóttir | Stigahlíð 82 | 100475-3329 |
| Gunnlaug Þorvaldsd | Stigahlíð 80 | 131275-4679 |
| Guðfinna Hákonar | Stigahlíð 97 | 090968-5859 |
| Sigríður Jónsdóttir | Stigahlíð 95 | 290735 3519 |

Fyrir hönd ofanritaðra,

Petra Bragadóttir
Stigahlíð 91
105 Reykjavík

petra@fa.is

Reykjavík, 27. maí 2018

**Íbúasamtök 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýrar gera eftirfarandi athugasemdir við byggingaráformum á reit Sjómannaskólans:**

- Verið er að ganga á græn svæði í hverfinu og þar að leiðandi lífsgæði íbúa í hrópandi mótsögn við stefnu borginnar varðandi græn svæði (https://reykjavik.is/upplysingavefur-um-graen-svaedi-i-reykjavik)
- Með þessum byggingaráformum eykst umferð í hverfinu en nú þegar eru um 600-700 störf á reitnum sem afmarkast af Sjómannaskólanum í norðri, Lönguhlíð í vestri , Miklubraut í suðri og Kringlumýrarbraut í austri. Ofaná bætist síðan umferð nemenda í HÍ, Tækniskólanum og Ísaksskóla. Á álagstímum kvölds og morgna er síðan Stakkahlíðin orðið yfirfall af Miklubraut með tilheyrandi gegnumstreymistumferð í gegnum hverfið. Þessi byggingaráform er því til þess fallinn að auka líkur á slysum gangi vegfarenda og sér ílagi barna á leið í skóla, auka loftmegnun og hljóðmegnun og rýra lífsgæði íbúa til mikla muna.
- Ástandið í Háteigsskóla er skelfilegt og annar skólinn ekki þörfum hverfisins með góðu móti í dag. Með uppbyggingu á reit Stýrimannaskólans má gera ráð yfir að ástandið versni en til muna. Nú þegar er Háteigsskóli með einn allra minnsta fermetrafjölda á nemenda í allri Reykjavíkurborg.
- Sótt er að merkum minjum og ásýnd þeirra með þessum byggingaráform, vatnsgeymum í Vatnshólnum, Stýrimannaskólanum og saltfiskreitnum.
- Vegið er að rekstrargrundvelli safnaðarheimilis Háteigskirkju með stórfelldri fækkun bílstæða norðanmegin við það. Þessi fækkun bílastæði er einnig til þess fallin að ýta umferð inní hverfið þegar uppákomur eru í Háteigskirkju með tilheyrandi umferð og óþægindum fyrir íbúa hverfsins.

**Íbúasamtökin leggja til:**
-Að fallið verði frá þessum byggingaráformum
-Að hlustað verði eitthvað á þarfir íbúa og lífgæði þeirra verði höfð að leiðarljósi við skipulagningu hverfsins.
-Að hverfið verði skipulagt sem ein heild, sem er :
    -að Háteigsskóli geti tekið á móti börnum úr hverfinu á sómasamlega hátt.
    -að börn geti sótt tómstundir á auðveldan og öruggan hátt.
    -að reynt verði að halda gegnumstreymisumferð í lágmarki með markvissum hætti.
    -að hverfið hafi græn svæði fyrir börn og fullorðna

Að lokum má benda á það að þetta hverfið er að mörgu leyti óhefðbundið þar sem það inniheldur nú þegar stóra vinnustaði og er jafnframt innrammað af mestu umferðaæðum borgarinnar og er því eins og eyja í miðju umferðafljóti. Því eru grænu svæði hverfsins íbúum þess ásamt nemendum leik og grunnskóla einkar mikilvæg í leik og starfi.

Með kveðju,
Tryggvi Sch. Thorsteinsson
Íbúasamtökum 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýrar
tryggvi_t@hotmail.com

## Helena Stefánsdóttir

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Gerður <gerdurs@gmail.com> |
| **Sent:** | 27. maí 2018 23:33 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Athugasemdir húsfélagsins Skipholt 44-50 við byggingaráform á Sjómannskólareitnum |
| **Viðhengi:** | Athugasemdir_Húsfélag Skipholt 44-50.pdf |

Ágæti viðtakandi,

Húsfélagið Skipholti 44-50 (kt. 560216-0250) mótmælir byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum sem nú er í aðalskipulagsferli hjá Reykjavíkurborg. Við tökum undir allar athugasemdir íbúafélagsins Vina Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) frá 7. maí 2018 sem þegar hafa verið sendar borgaryfirvöldum og eru hér meðfylgjandi.

Við hvetjum til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst,

Gerður Sveinsdóttir,
formaður húsfélagsis Skipholt 44-50

# Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit



Húsfélag Skipholt 44-50
kt. 560216-0250
Reykjavík, 27. maí 2018

EFNI:

Húsfélagið Skipholt 44-50 mótmælir byggingaráformum í gömlum hverfisgarði á Rauðarárholti sem hefur m.a. að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Ástæða er til að óttast að óafturkræf mistök verði gerð og menningarminjar glatist.

Til þeirra er málið varðar,

hafin er vinna við breytingar á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannaskólareitnum (Þ32). Samkvæmt verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fram og samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsráði í apríl 2018 er markmiðið „að stuðla að betri nýtingu" svæðisins og „þá einkum í þágu húsnæðismarkaðarins og stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hluta" svæðisins.
(https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/ar2030-sjomanna-vedur-verklysing-april2018.pdf).
Í skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi sem lögð var fram í borgarráði í nóvember 2017 er ætlunin að „hefja uppbygginguá svæðinu og koma fyrir námsmannaíbúðum og íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði"
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_usk.pdf).
Í ljósi þessara áforma sjáum við í íbúafélaginu Vinir Saltfiskmóans okkur knúin til að bregðast við og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Félagið Vinir Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) var stofnað þegar íbúar í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn heyrðu fyrst af áformum borgaryfirvalda um að þétta byggð á reitnum. Markmið félagsins er að standa vörð um móann sem staðsettur er á miðju Rauðarárholti á norðvesturhluta Sjómannaskólareitsins. Saltfiskmóinn afmarkast af Sjómannaskólanum í austri, Skipholti í norðri, Nóatúni í vestri og Háteigskirkju í suðri (sjá mynd 1).




**Mynd 1.** Sjómannaskólareitur og Saltfiskmóinn, afmörkun svæðisins

## Líklega síðasta stakkstæðið í Reykjavík

Íbúar hverfisins kalla móann Saltfiskmóann með vísan til þess að í móanum miðjum er að finna stakkstæði þar sem saltfiskur var breiddur til þerris og settur í stakka (sjá mynd 2). Stakkstæði þetta, sem er frá 1920 og þekur um þriðjung móans, var á vegum togarafélagsins Kveldúlfs sem Thor Jensen stofnaði 1912. Fyrr á tímum þegar saltfiskur var ein mikilvægasta útflutningsafurð þjóðarinnar mátti finna stakkstæði víða í borgarlandinu þar sem þurrkur var góður, en þessum stæðum hefur fækkað í áranna rás og þau ýmist lent undir malbiki eða byggingum. Þeirra á meðal eru stakkstæðin/fiskþurrkunarreitirnir við Kirkjusand, Mýrargötu og á mótum Stakkahlíðar og Háteigsvegar þar sem í dag er kirkja Óháða safnaðarins. Götuheitin Stakkholt og Stakkahlíð bera þessari atvinnusögu hverfisins vitni.



**Mynd 2.** Sumarið 1954. Börn við vinnu á saltfiskreit á Rauðarárholti í Reykjavík. Sólþurrkaður saltfiskur, stakkstæði. Hús við Stangarholt í bakgruni. *Mynd: Helga Fietz (1907-1958) © Ljósmyndasafn Reykjavíkur*

Stakkstæðið í Saltfiskmóanum er frá 1920, eins og áður sagði, og eru því aðeins örfáir mánuðir þar til það telst til fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og nyti þar með friðunar nema annað væri ákveðið af Minjastofnun Íslands. Sú stofnun verður að veita umsögn um stakkstæðið í ljósi þess að það var tekið í notkun fyrir árið 1925, en minjar frá þeim tíma eru umsagnarskyldar hjá Minjastofnun.

Eftir því sem Vinir Salfiskmóans komast næst eru verulegar líkur á því að stakkstæðið á Rauðarárholti sé síðasta heillega stakkstæðið sem eftir er í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber yfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Í síðustu hverfakosningu (Hverfið mitt) hlaut tillaga íbúa í nágrenni Saltfiskmóans um að merkja stakkstæðið brautargengi. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hyggst hún verja tveimur milljónum króna til verksins nú í vor. Markmið merkingarinnar er að varðveita söguminjarnar, vekja á þeim athygli og gera þær aðgengilegri almenningi. Við væntum þess að merkingarnar verði settar upp fljótlega.

Vinir Saltfiskmóans hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur með það að markmiði að hirða um reitinn, snyrta gróður eftir þörfum, tína rusl og halda móanum snyrtilegum, bera möl á gangstíga og koma upp ruslatunnum og bekkjum til að gera hverfisgarðinn að hentugra útivistarsvæði fyrir íbúa hverfisins, aðra borgarbúa og ferðafólk sem leið á um þennan fallega náttúrugarð. Þau svör hafa fengist að ekki sé hægt að taka afstöðu til þessarar bónar okkar meðan aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna Sjómannaskólareitsins sé ólokið. Við ítrekum hér með þá ósk okkar að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur og bendum á að við höfum árum saman hirt um svæðið auk þess sem virk nágrannavarsla fer þar fram.

## Lífsgæðaskerðing

Í fyrrnefndri skipulagslýsingu sem lögð var fyrir borgarráð í nóvember 2017 kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu allt að 120 íbúða fyrir námsmenn á svæði sem nær yfir Saltfiskmóann og bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem er fullnýtt nær daglega af kirkjugestum og nemendum Tækniskólans (sjá mynd 3).




**Svæði 1**

Á svæði 1 er gert ráð fyrir allt að 120 íbúðum fyrir námsmenn.

**Svæði 2**

Á svæði 2 er gert ráð fyrir allt að 70 íbúðum fyrir námsmenn og 6 íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði.

**Mynd 3.** Sjómannaskólareitur, úr skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi frá því í nóvember 2017.

Yrðu þessi áform að veruleika væri verið að fórna dýrmætri útivistarperlu sem myndi skerða lífsgæði íbúa í hverfinu verulega. Íbúar líta á Saltfiskmóann sem nokkurs konar hverfisgarð og nýta hann óspart til útivistar sér til heilsu- , ánægju- og lífsgæðaauka. Meðal þeirra sem nýta garðinn má nefna leikskólabörn á Klömbrum. Þau æfa sig í því að ganga í ósléttu, grýttu og grónu landslagi eins og það birtist á stakkstæðinu, sem þau kalla „eldfjallið". Fjallað er um svæðið í stefnu- og starfsáætlunum leikskólans sem aðgengilegar eru á vef hans.

## Skortur á opnum svæðum

Sérstaða Saltfiskmóans felst í því að þetta er sjálfsprottinn náttúrugarður með annars konar gróðri en finna má á ræktuðum grænum svæðum á borð við Klambratún auk þess sem fuglalíf þar er afar líflegt. Rétt er að minna á að í stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið er gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Við tökum undir með Snorra Sigurðssyni hjá skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg að mikill skortur sé á opnum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi, ekki síst Saltfiskmóinn.

Samkvæmt skilmálaeiningum hverfaskipulags fyrir Reykjavík sem verið er að vinna um þessar mundir er Saltfiskmóinn skilgreindur sem opið svæði. Við teljum eðlilegt og rétt að þessi mikilvægi náttúru- og menningargarður verði skilgreindur í bæði aðal- og deiliskipulagi sem opið svæði og alfarið hlíft við hvers kyns byggingaráformum.

## Óttumst óafturkræf mistök

Vinir Saltfiskmóans hafa góðan skilning á mikilvægi þess að þétta byggð og gera ekki athugasemdir við að slíkt sé gert á atvinnusvæðum sem fá nú nýtt hlutverk. Þéttinguna þarf hins vegar að vinna í góðri sátt við þá íbúa sem fyrir eru á svæðinu og án þess að lífsgæði þeirra séu skert eða mikilvægum útivistarsvæðum fórnað.

Það er ekkert launungarmál að veruleg þétting er áformuð á svæðinu í kringum Saltfiskmóann. Á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur móann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar tæplega 1.300 nýjar íbúðir. Þar af eru 235 þegar risnar við Einholt/Háteigsveg/Þverholt og 400 áætlaðar á Heklureitnum við Laugaveg (mynd 4). Þar fyrir utan eru einnig a.m.k. 12 hótel með hundruðum herbergja og tilheyrandi umferð innan hverfisins. Til að setja þessa fjölgun íbúða á jafnlitlum bletti og raun ber vitni í samhengi má benda á að heildarfjöldi íbúða í Hveragerði er 1.012 meðan heildarfjöldi íbúða í Vestmannaeyjum er 1.718.




| Nýjar/nýlegar/fyrirhug. íbúðir | Fjöldi íbúða | |
|---|---|---|
| Einholt - Þverholt | 235 | Tilbúnar eða í byggingu |
| Stakkholt | 140 | Tilbúnar |
| Brautarholt/Ásholt | 102 | Tilbúnar |
| Brautarholt 18-20 (Þórskaffi) | Fj. ekki ljós | Hús í eigu Gamma / fyrirhugaðar íbúðir |
| Skipholt 11-13 | 20 | Tilbúnar |
| Skipholt 70 | 26 | Tilbúnar |
| Heklureitur | 400 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli A | 120 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli B | 76 | Fyrirhugað |
| Kennaraháskóli | 160 | Fyrirhugað |
| Samtals fjöldi íbúða a.m.k. | 1.279 | Nýbyggðar eða fyrirhugaðar |

**Mynd 4.** Nýlegar eða fyrirhugaðar íbúðir á u.þ.b. hálfs ferkílómetra svæði umhverfis Saltfiskmóann.

Með þéttingaráformum sínum í Saltfiskmóanum teljum við borgaryfirvöld vera að fara offari og óttumst að gerð verði óafturkræf mistök.

Samkvæmt opinberum fundargerðum borgarráðs frá apríl sl. er þegar búið að veita vilyrði fyrir lóðum á Sjómannaskólareitnum fyrir byggingu a.m.k. 100 íbúða ætluðum eldri borgurum og námsmönnum þrátt fyrir að hvorki sé búið að vinna aðal- né deiliskipulag fyrir reitinn og vinnu við hverfaskipulag ólokið. Við höfum því fulla ástæðu til að óttast að lítið samráð verði í reynd haft við íbúa svæðisins og lítið mark tekið á ábendingum skilgreindra hagsmunaaðila.

Meðal hagsmunaaðila má nefna Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd ríkisins, sem hlýtur að þurfa að veita umsögn sína um hvort, hversu mikið og hvernig byggt verði á svæðinu í kringum Sjómannaskólann í ljósi þess að um friðaða byggingu er að ræða. Okkur þykir því skjóta skökku við að hvorki Minjastofnun Íslands né Húsafriðunarnefnd ríkisins eru taldar upp meðal umsagnaraðila í fyrrnefndri verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar fyrir skemmstu. Þar er heldur ekki getið um Borgarsögusafn Reykjavíkur né Háteigskirkju, sem hefur beina hagsmuni af því að bílastæðið norðan við safnaðarheimilið nýtist áfram kirkjugestum, enda ekki hægt að vísa öllum kirkjugestum eða gestum safnaðarheimilisins út á Háteigsveg eða Nóatún.

## Áhrif aukins byggingarmagns á umferð

Í verklýsingunni er tekið fram að við aðalskipulagsbreytinguna skuli m.a. skoða áhrif aukins byggingarmagns á grunn- og leikskóla og umferð. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn anna skólanir nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og er vandséð hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu svo vel sé.

Hvað umferð varðar hefur hún aukist mjög mikið á síðustu misserum, samfara mikilli fjölgun hótela á svæðinu, með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins. Þó borgaryfirvöld byggi nýjar íbúðir þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúar séu á bíl er það því miður ekki raunveruleikinn. Gott dæmi um þetta er bygging 235 nýrra íbúða á fyrrnefndum reit sem afmarkast af Háteigsvegi, Þverholti og Einholti. Nýir íbúar leggja nú báðum megin á Háteigsvegi (milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs) þar sem áður var aðeins lagt öðrum megin götunnar með þeim afleiðingum að ekki er lengur hægt að mæta bíl í götunni, sem er sérlega bagalegt þar sem Háteigsvegur er á áætlunarleið Strætó. Við óttumst að verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju tekið undir byggingarland fari kirkjugestir að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti.

## Samráð og sátt við íbúa

Að öllu framangreindu má ljóst vera að það er að ýmsu að huga þegar þétta skal byggð í grónum hverfum og sérdeilis mikilvægt að það sé gert í samráði og sátt við þá íbúa, hagsmunaaðila og landnýtingu sem fyrir er. Við vörum eindregið við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga.

Við hvetjum til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst,

Gerður Sveinsdóttir,
formaður húsfélagsis Skipholt 44-50
kt. 560216-0250
gerdurs@gmail.com

## Helena Stefánsdóttir

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Daníel Gunnarsson <danielgunnars@gmail.com> |
| **Sent:** | 27. maí 2018 23:59 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Athugasemdir við breytingar á skipulagi á Sjómannaskólareit Þ32 |
| **Viðhengi:** | Athugasemdir_Vinir_Saltfiskmoans_ok.pdf |

Til þess er málið varðar.

Til að byrja með viljum við íbúar í Nóatúni 29 taka heilshugar undir þær athugasemdir sem Vinir saltfisksóans gera við breytingar á aðalskipulagi á Sjómannaskólareit þ32 sérstaklega því svæði sem liggur milli Háteigskirkju og Skipholtts

Að auki viljum við benda á þá lífsgæðaskerðingu sem við myndum verða fyrir á frammkvæmdartíma. Þarna er verið að plana að byggja það mikið magn bygginga að ekki verður komið fyrir bílastæðum ofanjarðar. Að auki er verið að fjarlægja langflest þau bílastæði sem Háteigskirkja hefur yfir að ráða og eru þéttsetin í dag. Það lyggur því í augum uppi að undir þessum húsum verður að byggja bílakjallara. Þar sem einungis nokrrir sentimetrar eru niður á klöpp myndi þetta þýða sprengingar í einhverja mánuði með tilheyrandi hávaða og ryki. Þetta er rótgróið hverfi og húsin hér orðin gömul. Þau þola ekki það álag sem sprengingar hafa í för með sér.

Í þessum Þéttingaráformum er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu grunn- eða leikskóla frekar en öðrum þéttingarverkefnum í hverfinu. Háteigsskóli er yfirfullur og leikskólar einnig. 120 íbúðir sérstaklega ætlaðar fólki á barneignaraldri fylgja börn sem þurfa að geta sótt sér menntun í sínu hverfi.

Viljum við fara framm á það að Saltfisksmóinn verði alfarið hlíft við fyrirhuguðum byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði.

Fyrir hönd íbúa í Nóatúni 29.

Daníel Gunnarsson

# Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit



Íbúafélagið
Vinir Saltfiskmóans
Reykjavík, 7. maí 2018

**EFNI:**

Íbúafélagið Vinir saltfiskmóans mótmælir byggingaráformum í gömlum hverfisgarði á Rauðarárholti sem hefur m.a. að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Ástæða er til að óttast að óafturkræf mistök verði gerð og menningarminjar glatist.

Til þeirra er málið varðar,

hafin er vinna við breytingar á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannaskólareitnum (Þ32). Samkvæmt verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fram og samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsráði í apríl 2018 er markmiðið „að stuðla að betri nýtingu" svæðisins og „þá einkum í þágu húsnæðismarkaðarins og stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hluta" svæðisins.
(https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/ar2030-sjomanna-vedur-verklysing-april2018.pdf).
Í skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi sem lögð var fram í borgarráði í nóvember 2017 er ætlunin að „hefja uppbyggingu á svæðinu og koma fyrir námsmannaíbúðum og íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði"
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_usk.pdf).
Í ljósi þessara áforma sjáum við í íbúafélaginu Vinir Saltfiskmóans okkur knúin til að bregðast við og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Félagið Vinir Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) var stofnað þegar íbúar í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn heyrðu fyrst af áformum borgaryfirvalda um að þétta byggð á reitnum. Markmið félagsins er að standa vörð um móann sem staðsettur er á miðju Rauðarárholti á norðvesturhluta Sjómannaskólareitsins. Saltfiskmóinn afmarkast af Sjómannaskólanum í austri, Skipholti í norðri, Nóatúni í vestri og Háteigskirkju í suðri (sjá mynd 1).




**Mynd 1.** Sjómannaskólareitur og Saltfiskmóinn, afmörkun svæðisins

## Líklega síðasta stakkstæðið í Reykjavík

Íbúar hverfisins kalla móann Saltfiskmóann með vísan til þess að í móanum miðjum er að finna stakkstæði þar sem saltfiskur var breiddur til þerris og settur í stakka (sjá mynd 2). Stakkstæði þetta, sem er frá 1920 og þekur um þriðjung móans, var á vegum togarafélagsins Kveldúlfs sem Thor Jensen stofnaði 1912. Fyrr á tímum þegar saltfiskur var ein mikilvægasta útflutningsafurð þjóðarinnar mátti finna stakkstæði víða í borgarlandinu þar sem þurrkur var góður, en þessum stæðum hefur fækkað í áranna rás og þau ýmist lent undir malbiki eða byggingum. Þeirra á meðal eru stakkstæðin/fiskþurrkunarreitirnir við Kirkjusand, Mýrargötu og á mótum Stakkahlíðar og Háteigsvegar þar sem í dag er kirkja Óháða safnaðarins. Götuheitin Stakkholt og Stakkahlíð bera þessari atvinnusögu hverfisins vitni.



**Mynd 2.** Sumarið 1954. Börn við vinnu á saltfiskreit á Rauðarárholti í Reykjavík. Sólþurrkaður saltfiskur, stakkstæði. Hús við Stangarholt í bakgruni. *Mynd: Helga Fietz (1907-1958) © Ljósmyndasafn Reykjavíkur*

Stakkstæðið í Saltfiskmóanum er frá 1920, eins og áður sagði, og eru því aðeins örfáir mánuðir þar til það telst til fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og nyti þar með friðunar nema annað væri ákveðið af Minjastofnun Íslands. Sú stofnun verður að veita umsögn um stakkstæðið í ljósi þess að það var tekið í notkun fyrir árið 1925, en minjar frá þeim tíma eru umsagnarskyldar hjá Minjastofnun.

Eftir því sem Vinir Salfiskmóans komast næst eru verulegar líkur á því að stakkstæðið á Rauðarárholti sé síðasta heillega stakkstæðið sem eftir er í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber yfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Í síðustu hverfakosningu (Hverfið mitt) hlaut tillaga íbúa í nágrenni Saltfiskmóans um að merkja stakkstæðið brautargengi. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hyggst hún verja tveimur milljónum króna til verksins nú í vor. Markmið merkingarinnar er að varðveita söguminjarnar, vekja á þeim athygli og gera þær aðgengilegri almenningi. Við væntum þess að merkingarnar verði settar upp fljótlega.

Vinir Saltfiskmóans hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur með það að markmiði að hirða um reitinn, snyrta gróður eftir þörfum, tína rusl og halda móanum snyrtilegum, bera möl á gangstíga og koma upp ruslatunnum og bekkjum til að gera hverfisgarðinn að hentugra útivistarsvæði fyrir íbúa hverfisins, aðra borgarbúa og ferðafólk sem leið á um þennan fallega náttúrugarð. Þau svör hafa fengist að ekki sé hægt að taka afstöðu til þessarar bónar okkar meðan aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna Sjómannaskólareitsins sé ólokið. Við ítrekum hér með þá ósk okkar að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur og bendum á að við höfum árum saman hirt um svæðið auk þess sem virk nágrannavarsla fer þar fram.

## Lífsgæðaskerðing

Í fyrrnefndri skipulagslýsingu sem lögð var fyrir borgarráð í nóvember 2017 kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu allt að 120 íbúða fyrir námsmenn á svæði sem nær yfir Saltfiskmóann og bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem er fullnýtt nær daglega af kirkjugestum og nemendum Tækniskólans (sjá mynd 3).




**Svæði 1**

Á svæði 1 er gert ráð fyrir allt að 120 íbúðum fyrir námsmenn.

**Svæði 2**

Á svæði 2 er gert ráð fyrir allt að 70 íbúðum fyrir námsmenn og 6 íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði.

**Mynd 3.** Sjómannaskólareitur, úr skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi frá því í nóvember 2017.

Yrðu þessi áform að veruleika væri verið að fórna dýrmætri útivistarperlu sem myndi skerða lífsgæði íbúa í hverfinu verulega. Íbúar líta á Saltfiskmóann sem nokkurs konar hverfisgarð og nýta hann óspart til útivistar sér til heilsu- , ánægju- og lífsgæðaauka. Meðal þeirra sem nýta garðinn má nefna leikskólabörn á Klömbrum. Þau æfa sig í því að ganga í ósléttu, grýttu og grónu landslagi eins og það birtist á stakkstæðinu, sem þau kalla „eldfjallið". Fjallað er um svæðið í stefnu- og starfsáætlunum leikskólans sem aðgengilegar eru á vef hans.

## Skortur á opnum svæðum

Sérstaða Saltfiskmóans felst í því að þetta er sjálfsprottinn náttúrugarður með annars konar gróðri en finna má á ræktuðum grænum svæðum á borð við Klambratún auk þess sem fuglalíf þar er afar líflegt. Rétt er að minna á að í stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið er gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Við tökum undir með Snorra Sigurðssyni hjá skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg að mikill skortur sé á opnum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi, ekki síst Saltfiskmóinn.

Samkvæmt skilmálaeiningum hverfaskipulags fyrir Reykjavík sem verið er að vinna um þessar mundir er Saltfiskmóinn skilgreindur sem opið svæði. Við teljum eðlilegt og rétt að þessi mikilvægi náttúru- og menningargarður verði skilgreindur í bæði aðal- og deiliskipulagi sem opið svæði og alfarið hlíft við hvers kyns byggingaráformum.

## Óttumst óafturkræf mistök

Vinir Saltfiskmóans hafa góðan skilning á mikilvægi þess að þétta byggð og gera ekki athugasemdir við að slíkt sé gert á atvinnusvæðum sem fá nú nýtt hlutverk. Þéttinguna þarf hins vegar að vinna í góðri sátt við þá íbúa sem fyrir eru á svæðinu og án þess að lífsgæði þeirra séu skert eða mikilvægum útivistarsvæðum fórnað.

Það er ekkert launungarmál að veruleg þétting er áformuð á svæðinu í kringum Saltfiskmóann. Á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur móann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar tæplega 1.300 nýjar íbúðir. Þar af eru 235 þegar risnar við Einholt/Háteigsveg/Þverholt og 400 áætlaðar á Heklureitnum við Laugaveg (mynd 4). Þar fyrir utan eru einnig a.m.k. 12 hótel með hundruðum herbergja og tilheyrandi umferð innan hverfisins. Til að setja þessa fjölgun íbúða á jafnlitlum bletti og raun ber vitni í samhengi má benda á að heildarfjöldi íbúða í Hveragerði er 1.012 meðan heildarfjöldi íbúða í Vestmannaeyjum er 1.718.




| Nýjar/nýlegar/fyrirhug. íbúðir | Fjöldi íbúða | |
|---|---|---|
| Einholt - Þverholt | 235 | Tilbúnar eða í byggingu |
| Stakkholt | 140 | Tilbúnar |
| Brautarholt/Ásholt | 102 | Tilbúnar |
| Brautarholt 18-20 (Þórskaffi) | Fj. ekki ljós | Hús í eigu Gamma / fyrirhugaðar íbúðir |
| Skipholt 11-13 | 20 | Tilbúnar |
| Skipholt 70 | 26 | Tilbúnar |
| Heklureitur | 400 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli A | 120 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli B | 76 | Fyrirhugað |
| Kennaraháskóli | 160 | Fyrirhugað |
| Samtals fjöldi íbúða a.m.k. | 1.279 | Nýbyggðar eða fyrirhugaðar |

**Mynd 4.** Nýlegar eða fyrirhugaðar íbúðir á u.þ.b. hálfs ferkílómetra svæði umhverfis Saltfiskmóann.

Með þéttingaráformum sínum í Saltfiskmóanum teljum við borgaryfirvöld vera að fara offari og óttumst að gerð verði óafturkræf mistök.

Samkvæmt opinberum fundargerðum borgarráðs frá apríl sl. er þegar búið að veita vilyrði fyrir lóðum á Sjómannaskólareitnum fyrir byggingu a.m.k. 100 íbúða ætluðum eldri borgurum og námsmönnum þrátt fyrir að hvorki sé búið að vinna aðal- né deiliskipulag fyrir reitinn og vinnu við hverfaskipulag ólokið. Við höfum því fulla ástæðu til að óttast að lítið samráð verði í reynd haft við íbúa svæðisins og lítið mark tekið á ábendingum skilgreindra hagsmunaaðila.

Meðal hagsmunaaðila má nefna Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd ríkisins, sem hlýtur að þurfa að veita umsögn sína um hvort, hversu mikið og hvernig byggt verði á svæðinu í kringum Sjómannaskólann í ljósi þess að um friðaða byggingu er að ræða. Okkur þykir því skjóta skökku við að hvorki Minjastofnun Íslands né Húsafriðunarnefnd ríkisins eru taldar upp meðal umsagnaraðila í fyrrnefndri verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar fyrir skemmstu. Þar er heldur ekki getið um Borgarsögusafn Reykjavíkur né Háteigskirkju, sem hefur beina hagsmuni af því að bílastæðið norðan við safnaðarheimilið nýtist áfram kirkjugestum, enda ekki hægt að vísa öllum kirkjugestum eða gestum safnaðarheimilisins út á Háteigsveg eða Nóatún.

## Áhrif aukins byggingarmagns á umferð

Í verklýsingunni er tekið fram að við aðalskipulagsbreytinguna skuli m.a. skoða áhrif aukins byggingarmagns á grunn- og leikskóla og umferð. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn anna skólanir nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og er vandséð hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu svo vel sé.

Hvað umferð varðar hefur hún aukist mjög mikið á síðustu misserum, samfara mikilli fjölgun hótela á svæðinu, með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins. Þó borgaryfirvöld byggi nýjar íbúðir þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúar séu á bíl er það því miður ekki raunveruleikinn. Gott dæmi um þetta er bygging 235 nýrra íbúða á fyrrnefndum reit sem afmarkast af Háteigsvegi, Þverholti og Einholti. Nýir íbúar leggja nú báðum megin á Háteigsvegi (milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs) þar sem áður var aðeins lagt öðrum megin götunnar með þeim afleiðingum að ekki er lengur hægt að mæta bíl í götunni, sem er sérlega bagalegt þar sem Háteigsvegur er á áætlunarleið Strætó. Við óttumst að verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju tekið undir byggingarland fari kirkjugestir að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti.

## Samráð og sátt við íbúa

Að öllu framangreindu má ljóst vera að það er að ýmsu að huga þegar þétta skal byggð í grónum hverfum og sérdeilis mikilvægt að það sé gert í samráði og sátt við þá íbúa, hagsmunaaðila og landnýtingu sem fyrir er. Við vörum eindregið við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga.

Við hvetjum til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst,

*Silja Björk Huldudóttir*
*Helgi Hilmarsson*
*Marcos Zotes*
*Hulda B. Hákonardóttir*
*Þorgeir Tryggvason*
sem skipa stjórn og varastjórn Vina Saltfiskmóans
póstfang íbúafélagsins er: saltfiskmoinn@gmail.com

## Þessi greinargerð er send á

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Deildarstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem málið varðar
Alla borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa í borgarstjórn Reyjavíkur

## Afrit greinargerðarinnar er m.a. sent á

Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra
Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
FILA – Félag íslenskra landslagsarkitekta
Arkitektafélags Íslands
Hverfisráð Hlíða
Sóknarnefnd Háteigskirkju
Sjómannaskólann/Tækniskólann
Leikskólann Klambra
Leikskólann Nóaborg
Háteigsskóla
Íbúasamtök 3. hverfis- Hlíðar, Holt og Norðurmýri
Saltfisksetur Íslands
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Greinargerð okkar verður einnig birt á opinni Facebooksíðu íbúafélagsins
https://www.facebook.com/saltfiskmoinn

Reykjavík, 27. maí 2018

Ágæti viðtakandi,

í ljósi þess að borgaryfirvöld eru nú að vinna að breytingu á aðalskipulagi fyrir Sjómannaskólareitinn er ekki úr vegi að rifja upp bréfaskrif Ólafs Thors, atvinnumálaráðherra, í ágúst 1941 til borgarstjóra þar sem hann falaðist eftir lóð undir Sjómannaskólann á Rauðarárholti.

Bréf hans birtist í Morgunblaðinu 7. ágúst 1941, en þar segir m.a.:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=105512&pageId=1244249&lang=is&q=sj%F3minjasafn

"Af þessum ástæðum, og með hliðsjón af því hverja grundvallarþýðingu sjómannastjettin hefir haft fyrir vöxt og viðgang höfuðstaðarins, og innfremur tilliti til þess, að fyrirhuguð bygging (þ.e. Sjómannaskólinn) mætti verða bæjarprýði og öllum hlutaðeigendum til sóma, hefir ráðuneytinu hugkvæmst hvort þjer, herra borgarstjóri, sæuð yður fært að beita yður fyrir því, að Reykjavíkurbær ljeti þessa lóð af hendi án endurgjalds í því skyni er um ræðir, í ofannefndu brjefi nefndarinnar, og með því skilyrði, að á einhverjum hluta lóðarinnar yrði síðar skemmtigarður (...) með því óskin um stærð lóðarinnar byggist ekki fyrst og fremst á því að hægt verði síðar að reisa þarna viðbótar byggingar (s.s. sjóminjasafn), heldur á hinu, að girða fyrir skygt verði á skólanum með því að byggja of nálægt honum".

Sjómannaskólinn, sem húsameistararnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson teiknuðu 1941, var friðlýstur árið 2008 og því er ekki sama hvort og hvernig byggt er grennd við skólann. Eins og sjá má af fyrrnefndu bréfi lögðu jafnt þáverandi atvinnumálaráðherra og ráðgjafanefnd um staðsetningu Sjómannaskólans mikla áherslu á að ekkert myndi skyggja á skólann með því að byggja of nálægt honum.

Ég hvet núverandi borgaryfirvöld til að virða þær óskir. Jafnframt væri óskandi að græn svæði í kringum Sjómannaskólann fái áfram að nýtast borgarbúum sem útivistarsvæði. Það er ekki síst mikilvægt í hverfi þar sem gróðurþekjan er þegar undir þeim viðmiðunarreglum sem borgin hefur sjálf sett sér.

Í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands, 27.árgangur 1942, 6.hefti “Samkeppni húsameistara”, er hægt að sjá allar hugmyndsamkeppnistillögunar um hönnun Sjómannaskólans og Sjómannaskólareitsins árið 1941:
https://www.dropbox.com/s/731cvte3amkfdgg/Samkeppni húsameistara.pdf?dl=0



Samkeppnistillaga húsameistarana Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar teiknuð 1941.


Sjómannaskólinn séð frá Saltfiskmóanum, 2017. Mynd: Björn G. Sigurðsson

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er gerður greinarmunur á friðuðum fornleifum og friðlýstum. Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem eru 100 ára eða eldri teljast til fornleifa og eru sjálfkrafa friðaðar. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.
http://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/




Ég hvet til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst,

Marcos Zotes, arkitekt FAÍ
Kt: 200677-2699
marcos@basalt.is
853 5666

From: Throstur Ingolfur Vidisson [mailto:vidisson@gmail.com]
Sent: 28. maí 2018 09:09
To: USK Skipulag
Subject: Athugasemdir vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi Sjómannaskólreits.

Góðan dag

Í viðhengi eru athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi á Sjómannaskólreit frá húsfélaginu Nóatúni 27.

Kv,
Þröstur Ingólfur Víðisson
Nóatúni 27
105
Reykjavík

Ágæti viðtakandi,

húsfélagið að Nóatúni 27, kt: 500902-2050 mótmælir eindregið byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum, sem nú er í aðalskipulagsferli hjá Reykjavíkurborg. Við tökum undir allar athugasemdir íbúafélagsins Vina Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) frá 7. maí 2018 sem þegar hafa verið sendar borgaryfirvöldum.

Við óttumst að óafturkræf mistök verði gerð og mikilvægar menningarminjar glatist ef byggt verði í Saltfiskmóanum svonefnda sem hefur að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er hið síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber borgaryfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Borgaryfirvöldum ber einnig að standa vörð um sjálfssprottna náttúrugarðinn á Rauðarárholti sem skapar mikilvæga græna tengingu milli Klambratúns og Laugardals auk þess að vera skjól fyrir ríkulegt fuglalíf. Við hvetjum til þess að Saltfiskmóinn verði skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulaginu og vörum við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga á Sjómannaskólareitnum.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að í verklýsingu hverfisskipulags fyrir borgarhluta 3 - Hlíðar frá árinu 2015 segir í kafla 3.1.4.4. um vistkerfi og minjar að við skipulag hverfisins verði „svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi leyft að halda sér eins og mögulegt er" og sérstaklega vísað í lóðina við Sjómannaskólann og Háteigskirkju.

Síðar í sama kafla er tekið fram að taka eigi tillit til „þeirra grágrýtisklappa sem enn eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Sérstaklega á þetta við þar sem um þróunarsvæði er að ræða, við Sjómannaskólann". Jafnframt er minnt á þau fjölmörgu hús og mannvirki í hverfinu sem hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og tekið fram að leitast verði „við að undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu." Í því samhengi má nefna Sjómannaskólann, sem var friðlýstur árið 2008 og Vatnshólinn, sem rúmar vatnstanka frá 1915 og 1930 sem tengjast sögu vatnsveitu og brunavarna í Reykjavík.

Sérstaklega er tekið fram að í skipulagsvinnu verði „áhersla lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á óraskað land. Almennt verður litið til tegundar lands sem tekið verður undir möguleg uppbyggingarsvæði" og Sjómannaskólareiturinn, með Háteigskirkju/Tækniskólann (Þ32), sérstaklega nefndur í því samhengi.

Síðar í sömu verklýsingu, í kafla 3.2.1.2.7., er sérstaklega tekið fram að gróðurþekja í hverfinu sé í lágmarki eða á bilinu 41–50%, en til þess að teljast góð þyrfti hún að vera 61–70%. Í því ljósi væri glapræði að hrófla við og fórna óröskuðu landi á Sjómannaskólareitnum sem myndar mikilvæga gróðurþekju í hverfinu.

Hér má minna á að samkvæmt nýlegri úttekt hollenska ferðaþjónustufyrirtækisins TravelBird er Reykjavík aðeins í 37. sæti af þeim 50 borgum sem skoðaðar voru þegar hlutfall grænna svæða innan borgarmarka var skoðað. Samkvæmt úttektinni telst hlutfall grænna svæða innan borgarmarka í Reykjavík 18% samanborið við tæp 57% í Prag, sem trónir efst á listanum. Af þeim samtals tæplega 411 fkm af grænum svæðum á hvern íbúa í Reykjavík teljast 223 fkm friðlönd á borð við Heiðmörk, tæpir 76 fm eru skóglendi, 58 fm eru grasfletir, 31 fm er ræktarland, 16 fm eru golfvellir, en aðeins 5 fkm eru almenningsgarðar. Íbúar

borgarinnar verða að hafa aðgengi að grænum svæðum innan borgarmarkanna í göngufæri, enda ekki hægt að vísa öllum ýmist upp í Heiðmörk eða á Kjalarnes til að njóta útivistar og grænna svæða. Grænu svæðin innan borgarmarka veita mikilvægt andrými og auka lífsgæði borgarbúa.

Við deilum áhyggjur Vina Saltfiskmóans um stóraukna umferð í hverfinu samfara mikilli fjölgun hótela og íbúða á síðustu misserum, en á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur Saltfiskmóann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar tæplega 1.300 nýjar íbúðir með tilheyrandi umferð. Við það bætast síðan a.m.k. tólf nýlega byggð hótel með hundruðum herbergja með tilheyrandi umferðarþunga.

Verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem í dag er fullnýtt nær daglega af nemendum Tækniskólans, kirkjugestum, gestum safnaðarheimilisins og íbúum námsmannaíbúðanna við Háteigsveg, tekið undir íbúðabyggð þar sem bílastæðaþörf miðast við samnýtingu óttumst við að kirkjugestir, nemendur og væntanlegir íbúar fari að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti sambærilegt við það sem er reyndin á Háteigsvegi neðan við Lönguhlíð eftir að byggðar voru 235 íbúðir með lágmarksfjölda bílastæða á íbúð á mótum Háteigsvegar og Einholts/Þverholts. Það er alveg ljóst að ekki verður hægt að vísa öllum íbúum, nemendum og kirkjugestum út í Nóatún.

Við gagnrýnum þessa miklu fjölgun íbúða á jafnlitlu svæði á sama tíma og ekki eru gerðar neinar ráðstafanir til að stækka grunnskólann og leikskóla hverfisins né heldur heilsugæsluna, en nú þegar er margra vikna bið eftir tíma hjá heimilislækni á heilsugæslu Hlíða. Samkvæmt upplýsingum frá Háteigsskóla er staðan þegar sú að börn í hverfinu eru nú þegar á biðlista eftir að komast inn í 1. bekk í haust, þar sem skólinn annar ekki núverandi íbúðafjölda. Í fyrrnefndri verklýsingu frá 2015 kemur í kafla 3.2.1.1.3. fram að samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjóni „Háteigsskóli a.m.k. 2.880 íbúðum sem er langt yfir því viðmiði sem gefið er upp í gátlista fyrir einkunnina gott (1.200–1.300 íbúðir)." Ámælisvert er að stórfjölga íbúðum í hverfinu án þess að huga að stækkunarmöguleikum Háteigsskóla.

Auk allra ofangreindra þátta hafa íbúar að Nóatúni 27 miklar áhyggjur af mögulegum sprengingum á Sjómannaskólareitnum, en Rauðarárholtið er sem kunnugt er klöpp og engin tilviljun að ekki hefur verið sprengt fyrir neinum kjöllurum í húsunum sem standa austanmegin í Nóatúninu frá Háteigsvegi að Laugavegi. Íbúar hússins fundu afar vel fyrir sprengingum í Þverholti/Einholti þegar verið var að byggja þar fyrir skemmstu og óttast mögulegar skemmdir á íbúðareignum sínum í Nóatúni 27 verði farið að sprengja í Saltfiskmóanum og á bílastæðinu norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju. Við áskiljum okkur allan rétt til að krefja borgina um skaðabætur valdi sprengingar skemmdum á Nóatúni 27.

Við höfum verulegar áhyggjur af því að íbúar að Nóatúni 27 geti orðið fyrir alvarlegri birtuskerðingu, mögulegri skuggamyndum og þar með lífsgæðaskerðingu ef ætlunin er að byggja þriggja hæða hús með kvisti til viðbótar alveg upp að lóðarmörkum austan við Nóatún 27. Rétt er að benda á að í þremur af fimm íbúðum hússins snúa 90% af gluggum íbúðanna ýmist í austur eða suður, þ.e. í þær tvær áttir þar sem ætlunin er að byggja 120 íbúðir samkvæmt lýsingu umhverfis- og skipulagssviðs vegna deiliskipulags Sjómannaskólareits sem lögð var fram í Borgarráði 3. nóvember 2017. Birtuskerðing og skuggamyndun myndi rýra verðgildi eigna okkar að Nóatúni 27. Íbúar hússins áskilja sér allan rétt til að leita réttar síns gagnvart borginni verði skemmdir á húsinu v/ sprenginga og ef dagsbirtan á lóð Nóatúns 27

sem og náttúruleg birta inni í íbúðum hússins skerðist vegna mögulegra byggingaframkvæmda á Sjómannaskólareitnum.

Að lokum gerum við alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð borgaryfirvalda að auglýsa eftir samstarfsaðilum til að byggja á Sjómannaskólareitnum áður en frestur til að skila athugasemdum við aðalskipulagsbreytinguna er liðinn. Þetta gerir það að verkum að umsagnarferlið vegna aðalskipulagsbreytinganna skortir allan trúverðugleika.

Fyrir hönd Húsfélagsins Nóatúni 27, kt: 500902-2050

Virðingarfyllst,

Þröstur Ingólfur Víðisson
Nátúni 27
105
Reykjavík

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

**28. maí 2018.**

**Efni: Athugasemd við fyrirhuguð byggingaráform á gömlu saltfiskreitunum við Sjómannaskólanum.**

Við, stjórn og starfsfólk Leikskólans Klambra mótmælum byggingaráformum á gömlu Saltfiskreitunum við Sjómannaskólann. Við vísum í prýðilega greinargerð frá Vinum Saltfiskmóans þar sem mjög vel er skýrt bæði frá staðháttum og sögu þessa svæðis sem er eitt hið seinasta sem eftir stendur sinnar tegundar í Reykjavík.

Græna svæðið við Sjómannaskólann eru bæði verðmætar minjar frá fyrri tímum en einnig mikilvægt útivistarsvæði fyrir nágrennið. Hér í leikskólanum er svæðið mikið nýtt til kennslu og leikja og munum við finna það glöggt í okkar dýrmæta starfi verði það tekið af okkur. Meðal annars er vísað til svæðisins í skólanámskrá okkar bæði vegna mikilvægis þess fyrir útikennslu og almenna útivist barnanna en líka vegna þeirrar menningar sem hefur þróast á Klömbrum í tengslum við svæðið.

Í daglegu tali nefna börnin þetta svæði Eldfjallið. Nafnið er tilkomið vegna agnarsmárra steypuleifa ofan á einum steininum á stakkstæðinu. Steypuleifarnar minna á eldkeilu og hefur hún í mörg ár vakið upp ímyndunarafl barnanna þannig að ber á í sköpun og leik.

Á svæðinu höfum við brallað margt spennandi, bæði tengt eldfjöllum og saltfiski. Viðburður okkar í tenglsum við Barnamenningarhátíð árið 2014 fór til dæmis alfarið fram á stakkstæðinu en viðburðurinn nefndist „Oft er í holti heyrandi nær“ og þar unnu börnin með skynfæri sín og jarðleir.

Á deiliskipulagi síðan í nóvember seinastliðnum er gert ráð fyrir hátt í 200 nýjum íbúðum, steinsnar frá leikskólanum, ekki bara á eldfjallinu okkar heldur líka hinum megin við Vatnshólinn. Það er því þrengt að okkur úr öllum áttum og við erum hrygg yfir því að ekki bara hverfi þessi menning úr skólastarfinu okkar heldur verði lítið eftir um græn svæði í augsýn leikskólagarðsins. Það samræmist hvorki okkar hugsjónum sem umhverfisvænn leikskóli né sem uppeldisaðilar að geta ekki nýtt grænu svæðin við hlið okkar í starfi með börnunum og við biðjum yfirvöld vinsamlegast um að leyfa okkur, íbúum nágrennisins og Reykjavíkur allrar að halda Saltfiskmóanum áfram sem grænu og vænu svæði.

Meðfylgjandi hlekkur vísar á myndband sem gert var eftir viðburðinn okkar í Saltfiskmóanum árið 2014: https://vimeo.com/97408102

Fyrir hönd leikskólans Klambra,

Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir, deildarstjóri.

# Helena Stefánsdóttir

**Frá:** Gísli Baldur Róbertsson <gisli.baldurr@gmail.com>
**Sent:** 28. maí 2018 11:27
**Til:** USK Skipulag
**Efni:** Mótmæli við fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir

Mótmæli vegna fyrirhugaðrar byggingar á Sjómannaskólareit

Á mynd sem tekin var af Skólavörðuholti um miðjan október 1918 sést þúst í fjarska sem menn átta sig e.t.v. ekki hvað er, þar sem að umhverfis eru einungis holt og melar og engin tenging við nútímann. Þessi tenging kviknar þó í kolli manns þegar maður áttar sig á því að þetta er vatnstankurinn sem var byggður eftir hinn mikla Reykjavíkurbruna árið 1915. Hann hefur síðan verið mikilvægur punktur í lífi barna í hverfinu sem er aðþrengt af miklum umferðaræðum, þ.e. bæði Miklabraut og Kringlumýrarbraut. Þangað fara heimamenn jafnt sem ferðamenn til að njóta útsýnisins og þarna er allt stappfullt á gamlárskvöldi. Þá er þetta eina alvöru brekkan í hverfinu og margir krakkar sem renna sér þarna niður að vetri til. Ef það á að byggja hús fyrir brekkuna þá er augljóst að ekki verður lengur hægt að nota hólinn til þess. Þétting byggðar og borgarlína virðist vera það eina sem kemst að hjá núverandi borgaryfirvöldum og þau virðast vera tilbúinn að fórna öllu í því augnamiði. Ástandið í umferðinni gefur til að kynna að það sé vissulega mikilvægt mál en ég held að flestir vilji ekki missa þá örfáu grænu bletti sem þeir hafa í nærumhverfi sínu. Það er annað mál eins og t.d. með Heklureitinn, þar myndu sjálfsagt fáir mótmæla þéttingu byggðar enda enginn að missa græn svæði undir steypu og malbik. Allir vilja vera umhverfisvænir í dag og það getur varla talist umhverisvænt að taka öll græn svæði í hverfunum í burtu og þrengja að hverfi sem er þegar aðþrengt sérstaklega hvað miklar umferðaræðar varðar. Þá kemur byggingarmagnið eða fjöldi íbúða mjög á óvart inn í svona gróin hverfi, hugmyndin hlýtur að vera að byggja upp og þá gnæfa þessi hús væntanlega yfir lágreista byggð í nágrenninu með tilheyrandi skuggavarpi svo ekki sé talað um umferðina og þörfina fyrir aukin bílastæði. Nemendagarðarnir í Brautarholti eru svo sannarlega vel heppnaðir nema hvað varðar skort á bílastæðum. Einhverra hluta vegna telja menn að fóki fylgi ekki bílar en það er mikill misskilningur. Vonandi tekst að fækka bílum í framtíðinni með bættari almenningssamgöngum en það er framtíðarmúsík. Ég skrifa þessi mótmæli þó ég búist ekki endilega við því að borgaryfirvöld muni hlusta á þau. Reynslan sýnir að verktakar virðast ráða öllu í Reykjavík og má í því sambandi tala um verktakalýðræði en vonandi átta borgarfulltúar sig á hlutverki sínu og hlusta á raddir borgarbúa þó svo að kosningar séu að baki.

Bestu kveðjur, Gísli Baldur Róbertsson

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**
**Borgartúni 12-14**
**105 Reykjavík**

Reykjavík, 28. maí 2018.

**Efni: Athugasemdir vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi.**

Til Málflutningsstofu Reykjavíkur hafa leitað Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119, og Petra Bragadóttir, kt. 220163-2539, bæði til heimilis að Stigahlíð 91, Reykjavík, og falið lögmönnum stofunnar að gæta hagsmuna sinna vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð, sbr. verklýsing umhverfis- og skipulagsráðs frá apríl 2018.

Umbjóðendum mínum er ljóst að þeim mun gefast tækifæri til að andmæla breytingunum með ítarlegri hætti á síðari stigum en finnst rétt að gera strax grein fyrir tilteknum atriðum.

**I.**

Umbjóðendur mínir eru eigendur fasteignar að Stigahlíð 91 í Reykjavík. Lóð þeirra er aðliggjandi svokölluðum Veðurstofuhæðarreit (Þ35). Af fyrirliggjandi verklýsingu má ráða að áformuð breyting á aðalskipulagi mun einvörðungu ná til veðurmælingarsvæða á reitnum og opinna svæða þar í kring. Markmið fyrirhugaðra breytinga er að skapa heimildir á hluta þessara svæða fyrir almenna íbúðarbyggð.

Ef fyrirhugaðar breytingar verða samþykktar liggur fyrir að almenn íbúðarbyggð mun rísa á svæðinu sem liggur beint á móti fasteignunum Stigahlíð 87-97. Í verklýsingunni er ekki vikið að húsagerð en miðað við tilvísun hennar til almennra íbúða má gera ráð fyrir að um fjöleignarhús verði að ræða.

Umbjóðendur mínir gera sér grein fyrir að skipulagsvinna á reitnum er skammt á veg komin og að taka þurfi afstöðu til margra atriða áður en breytingarinnar verða formlega samþykktar. Þá eru einnig ýmis atriði sem verða ekki útkljáð fyrr en deiliskipulag reitsins hefur verið samþykkt. Hins vegar liggur fyrir að umbjóðendur mínir máttu ekki gera ráð fyrir viðkomandi breytingum og eru þær til þess fallnar að valda þeim tjóni.

**II.**

Í verklýsingunni er tekið fram að lóð Veðurstofunnar sé skilgreind sem þróunarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Einnig að með þeirri skilgreiningu hafi verið boðað að gera mætti ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Að mati undirritaðs er hér farið frjálslega með orðalag gildandi aðalskipulags. Undirritaður bendir á að skilgreining svæðis sem þróunarsvæðis felur ekki í sér að eigendur nærliggjandi fasteigna eða aðrir hagsmunaaðila megi gera ráð fyrir hvers konar uppbyggingu á slíkum svæðum.

Í samræmi við ofangreint er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 almennt sá háttur hafður að gera grein fyrir hugsanlegri uppbyggingu á þróunarsvæðum. Þannig er m.a. tekið fram í tengslum við svæði Tækniskólans að gert sé ráð fyrir íbúðarhúsnæði fyrir nemendur. Hins vegar er engin slík nánari afmörkun varðandi lóð Veðurstofunnar heldur tekið fram að áætlað sé að auka byggingarmagn um 5-10 þúsund fermetra.

Það er því rétt sem kemur fram í fyrirliggjandi verklýsingu að gera mætti ráð fyrir frekari uppbyggingu á lóð Veðurstofunnar. Frekari uppbygging þýðir hins vegar ekki að umbjóðendur mínir, eða aðrir fasteignaeigendur í næsta nágrenni, hefðu mátt gera ráð fyrir að á svæðinu myndi rísa almenn íbúðarbyggð. Að mati undirritaðs er sá skilningur mun nærtækari, með hliðsjón af orðalagi gildandi aðalskipulags, að aukning byggingarmagns á reitnum hafi verið í tengslum við þær byggingar sem eru þar fyrir eða að öðru leyti í tengslum við starfsemi Veðurstofu Íslands.

Af framangreindu leiðir að umbjóðendur mínir, sem og aðrir fasteignaeigendur í næsta nágrenni svæðisins, máttu ekki gera ráð fyrir að landnotkun lóðar Veðurstofunnar yrði breytt með þeim hætti sem er lagt til með fyrirhuguðum breytingum. Þetta getur haft áhrif á inntak bótaréttar vegna fyrirhugaðra breytinga sem verður nú nánar vikið að.

**III.**

Í 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er mælt fyrir um bótarétt fasteignaeigenda og eftir atvikum annarra rétthafa vegna tjóns sem leiðir af skipulagi eða breytingum á skipulagi. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má ráða að sveitarfélög geta orðið bótaskylt vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. m.a. *Hrd. 1991, bls. 1368*. Þá hefur bótaskylda sveitarfélaga vegna eignaskerðinga sem leiða af deiliskipulagi verið margstaðfest í dómaframkvæmd.

Af 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga má ráða að bótaskylda kemur fyrst og fremst til greina þegar skipulag eða breyting á skipulagi hefur valdið verulegri og sérstakri skerðingu á verðmæti fasteignar. Í málinu liggur fyrir að fyrirhugaðar breytingar taka til landnotkunar á afmörkuðu svæði og eru bindandi við þá deiliskipulagsvinnu sem er þegar hafin eða hefst í kjölfar samþykktar breytinganna. Þannig er ekki um að ræða að breytingarnar muni ganga jafnt yfir fasteignaeigendur á stóru svæði heldur munu þær einkum hafa áhrif á verðmæti fasteigna í næsta nágrenni reitsins, þ.m.t. fasteignar umbjóðenda minna.

Að mati undirritaðs er því einsýnt að skerðingar af völdum fyrirhugaðra breytinga eða frekari skipulagsvinnu munu teljast sérstakar í skilningi 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga. Þá liggur einnig fyrir að hvorki umbjóðendur mínir né aðrir fasteignaeigendur á svæðinu máttu gera ráð fyrir að umræddar breytingar myndu eiga sér stað. Öll skilyrði bótaréttar, að undanskildu því skilyrði að viðkomandi breytingar muni hafa veruleg áhrif á verðmæti viðkomandi fasteigna, eru því uppfyllt. Hvort að skerðingarnar teljist verulegar verður að koma í ljós við nánari útfærslu þeirra íbúðarbyggðar sem á að rísa á svæðinu.

**IV.**

Með vísan til framangreinds er fyrirhuguðum breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, að því er varðar lóð Veðurstofunnar, harðlega mótmælt og þess krafist að fallið verði frá fyrirhuguðum áformum.

Að öðrum kosti er þess krafist að sérstakt samráð verði haft við umbjóðendur mínar í tengslum við allar frekari skipulagsvinnu á reitnum enda liggur skýrlega fyrir að umbjóðendur mínir hafa verulegra og sérstakra hagsmuni að gæta í málinu.

Virðingarfyllst,

Jörgen Már Ágústsson

Jörgen Már Ágústsson lögmaður
-MÁLFLUTNINGSSTOFA REYKJAVÍKUR ¦ REYKJAVIK LEGAL-

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 22. maí 2018
erindi nr. *201805204*/19.2 *ÓM*

**Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar**

Á 462. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 22. maí 2018, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

> **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Sjómannaskólareitur og Veðurstofuh**
>
> **Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg dags. 9. maí 2018 varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Verðurstofuhæð.**
>
> **Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við erindið**

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar

Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

---

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos@mos.is | www.mos.is | virðing | jákvæðni | framsækni | umhyggja MOSFELLSBÆR

**Helena Stefánsdóttir**

---

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Sveinn Skúlason <sveinn@logvernd.is> |
| **Sent:** | 28. maí 2018 23:57 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Afrit:** | Skipulagsstofnun |
| **Efni:** | FW: Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Sjómannaskólareitur (Þ32) |

# Til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Varðandi framan rituð andmæli þá gilda sömu sjónarmið hvað varðar svæðið umhverfis Vatnsgeyminn við Háteigsveg.
Þar eru á ferðinni minjar og vatnshóllinn gjarnar notaður til útsýnis m.a. af fjölda erlendra ferðamanna er heimsækja Ísland.

Að auki má benda á ósnortna náttúru á milli vatnshólsins og byggingar Vélskólans. Þar eru klappir og grjót sem hafa verið leiksvæði barna hverfisins um frá því það byggðist. Enn fremur er bent á að svæðið er notað til kennslu frá Háteigsskóla.

Reykjavík 28. maí 2018

Virðingarfyllst,

Sveinn Skúlason, kt. 160751-3989, Flókagötu 67, 105 Reykjavík
Erna Valsdóttir, kt. 210554-2119, Flókagötu 67, 105 Reykjavík
Arna Sveinsdóttir, kt. 020282-5099, Hátúni 4, 105 Reykjavík
Brynjar Sveinsson, kt. 220190-2429, Flókagötu 67, 105 Reykjavík

---

**From:** Sveinn Skúlason
**Sent:** 28. maí 2018 22:34
**To:** 'skipulag@reykjavik.is' <skipulag@reykjavik.is>
**Cc:** 'Skipulagsstofnun' <skipulag@skipulag.is>
**Subject:** Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Sjómannaskólareitur (Þ32)

# Til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Hér með er andmælt fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur hvað varðar að heimila íbúðarbyggð og eða aðra breytingu og röskun á svo nefndum Sjómannaskólareit.

Er það álit andmælenda að með nefndri fyrirhugaðri breytingu sé verið að raska og spilla hvorutveggja rými umhverfis Sjómannaskólann svo og Háteigskirkju.

Á greindu svæði, sem er útivistarsvæði íbúa, svonefnt grænt svæði, eins og það er kallað af borgaryfirvöldum, er hinn síðasti manngerði saltfiskreitur í Reykjavík, þar sem eru 100 ára gamlar minjar tengdar atvinnusögu Reykvíkinga, og á hinn bóginn bifreiðastæði við Sjómannaskólann og Háteigskirkjuna, sem yfir vetrartímann á meðan skólahald stendur er fullnýtt af nemendum og kennurum við skólann en um helgar og á kvöldin eru bifreiðastæði þessi nýtt af kirkjugestum er sækja messur svo og tónleika í kirkjunni ásamt því að þjóna safnaðarheimili Háteigskirkju við ýmis konar samkomur s.s. erfidrykkjur, brúðkaupsveislur, fermingaveislur og svo mætti lengi telja.

Afleiðingin, verði skipulagsbreytingin að veruleika og byggingu á lóðunum, er sú að hinn gamli manngerði saltfiskreitur verður eyðilagður og hið takmarkaða útivistarsvæði íbúanna hverfur, en á það skal minnt að þrátt fyrir yfirlýsingar borgaryfirvalda um græn svæði íbúum til útivistar og yndisauka, þá eru slík svæði í hverfinu að hverfa með öllu. Jafnframt mun algjört öngþveiti skapast varðandi bifreiðastæði sem bitna mun á íbúum í nágrenninu er þegar búa við ágang bifreiða m.a. frá Háskóla Íslands Kennaraháskóla. Má í þessu sambandi minna á fyrirhugaðar byggingar á lóð Kennaraháskólans, en á því svæði sem fyrirhugað er að byggja á eru í dag bifreiðastæði nemenda og kennara og á skólatíma eru þau bifreiðastæði, bæði hin sérgerðu og á malarlóð, með öllu troðin af bifreiðum.

Afleiðingin af fyrirhugaðri skipulagsbreytingu verður sú að gæði íbúanna stór minnka vegna ágangs, útivistarsvæði þar sem íbúar njóta útiveru m.a. með heimilisdýrum sínum er tekin af og fólki úthýst og vísað á götuna.

Að lokum benda andmælendur á að ekkert samráð hefur verið haft við íbúa hverfisins um fyrirhugaðar breytingu og hún samþykkt án nokkurra tilrauna til skoðunar á afleiðingum.

Því er fyrirhugaðri skipulagsbreytingu andmælt sem vanhugsaðri af hálfu Reykjavíkurborgar og bent á að gangi hún eftir verði framkvæmdar óafturkræfar breytingar með tilheyrandi spjöllum á umhverfi, lífsgæðum og sögulegum minjum.

Skorað er á borgaryfirvöld að taka tillit til ábendinga íbúa Reykjavíkur og hafa samráð áður en sambærilegar ákvarðanir eru teknar.

Reykjavík 28. maí 2018

Virðingarfyllst,

Sveinn Skúlason, kt. 160751-3989, Flókagötu 67, 105 Reykjavík
Erna Valsdóttir, kt. 210554-2119, Flókagötu 67, 105 Reykjavík
Arna Sveinsdóttir, kt. 020282-5099, Hátúni 4, 105 Reykjavík
Brynjar Sveinsson, kt. 220190-2429, Flókagötu 67, 105 Reykjavík

LÖGVERND

Sveinn Skúlason hdl.
Gsm: 892-4716
E-mail: sveinn@logvernd.is

Lögvernd ehf. - Lögfræði- og lögmannsþjónusta
Ármúla 15, 108 Reykjavík
Sími 588-1040 - Fax 588-1042

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, eru trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Misnotkun getur varðað skaðabóta- og refsiábyrgð, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum. Efni tölvupóstsins og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Lögverndar ehf.

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
gudnygerdur@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

1. júní 2018
*MÍ*201805-0140/ 6.08 / 5229

**Efni: Sjómannaskólareitur, Veðurstofuhæð, Reykjavík - breyting á aðalskipulagi**

Minjastofnunar Íslands hefur borist bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 9.5.2018, þar sem tilkynnt er um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er snertir breytta landnotkun og fjölgun íbúða á Sjómannaskólareit (Þ32) og Veðurstofuhæð (Þ35). *Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi. Breyting nr. 28, apríl 2018*, var sótt á vef Reykjavíkurborgar.

Bæði svæðin eru innan borgarhluta 3 og fyrir liggur skýrsla Minjasafns Reykjavíkur (nú Borgarsögusafns) *Byggðakönnun fyrir Borgarhluta 3, Hlíðar*, gefin út 2013, þar sem gerð er grein fyrir menningarminjum.

Á Sjómannaskólareit (Þ32) stendur Sjómannaskólinn sem er friðlýstur og Vatnsgeymir sem er friðaður vegna aldurs skv. 29. gr. laga um menningarminjar. Einnig er þar að finna yngri minjar og má þar sérstaklega nefna stakkstæði / fiskreiti Kveldúlfs frá þriðja og fjórða áratug 20. aldar, norðan við bílastæði Háteigskirkju.
Á Veðurstofuhæð (Þ35) eru einnig skráðar fornleifar og yngri minjar.

Minnt er á ákvæði 16. gr. laga um menningarminjar, *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda,* þar sem kveðið er á um að áður er deiliskipulag er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja ávallt fara fram á vettvangi. Minjastofnun telur að það þurfi að yfirfara skráningu fornleifa á báðum svæðunum í samræmi við núgildandi staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Einnig er rétt að gera grein fyrir yngri minjum. Þá skal skrá hús og mannvirki með gerð húsakönnunar sbr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

*Afrit sent:*
*Skipulagsstofnun*

*Afrit sent í tölvupósti:*
*Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)*
*Borgarsögusafn Reykjavikur (minjavarsla@reykjavik.is)*

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Skipulagsstofnun

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Ann María Andreasen
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Mótt. 04. JÚNÍ 2018
sign
Skjalanr.

Reykjavík, 30. maí 2018

*Tilvísun: 201805012* / 3.2

## Efni: Lýsing - Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 9. maí 2018, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. apríl 2018, vegna breytingar nr. 28 á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt í borgarráði 3. maí 2018.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er breytt landnotkun og fjölgun íbúða á tveimur þróunarsvæðum, Þ32 og Þ35, sem skilgreind eru fyrir samfélagsþjónustu á þéttbýlisuppdrætti, þ.e. Sjómannaskólareit (S4) og Veðurstofuhæð (ónúmeruð).

Skipulagsstofnun telur ekki tilefni til að gefa umsögn um efni fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar á þessu stigi.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir

Reykjavík 4. júní 2018

Viðtakandi:Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Efni bréfs: Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð.

Eftirfarandi var bókað og lagt fram til umsagnar á fundi hverfisráðs Hlíða 29. maí 2018.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar leggja fram svohljóðandi umsögn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Bjartrar leggja áherslu á að við þéttingu byggðar á bæði reit við Sjómannaskólann og á Veðurstofuhæð verði þess gætt að græn svæði á báðum svæðum fái sín notið áfram og verði haldið í að þau séu aðgengileg íbúum í hverfinu og nýtist börnum til leiks og útivistar. Einnig leggjum við áherslu á að græn svæði og leiksvæði verði aðgengileg öllum sbr. hugmyndafræði um algilda hönnun, nú eru svæðin ekki aðgengileg öllum og mikilvægt að bætt verði úr því. Á svæðunum verði áfram áningastaður fyrir gangandi vegfarendur en þó ekki síst að huga að þessum svæðum sem leiksvæðum fyrir börn. Á reit við Sjómannaskólann er nálægð við leikskóla og aðþrengdan grunnskóla og þetta svæði er nú þegar nýtt fyrir þennan aldur til náttúruupplifunar og skemmtana. Íbúar hafa óskað eftir því að fóstra ákveðin svæði á Sjómannaskólareit, Saltfiskmóann og Vatnshólinn og vert er að rýna það vel svo svæðin nýtist áfram til útiveru og leiks og íbúar geti hlúð að svæðunum. Við viljum að það sé leitast við að bæði þétta byggð en um leið sé grænu svæðin virt og hlúð að þeim og teljum að þessi sjónarmið bæði geti unnið vel saman. Mikilvægt er að skoða menningarsögulegt gildi Saltfisksreitsins og annarra kennileita á svæðunum. Hverfisráð óskar einnig eftir því að hugað verði sérstaklega að því hver hæð húsa á Sjómannaskólareitnum verði til þess að skólinn fái áfram að njóta sín sem kennileiti í hverfinu. Við þéttingu þarf alltaf að huga að skólamálum líkt og verið hefur og verður þá að skoða sérstaklega stækkun Háteigsskóla en stækka þarf skólann miðað við núverandi nemendafjölda og þá enn frekar miðað við aukinn fjölda barna í hverfinu sem og að rýna dagvistunarmál fyrir yngri börn. Jafnframt þarf að huga að útivist barna og að stækkun skólalóðar. Hverfisráð fagnar fleiri íbúum í hverfinu. Sé þétting byggðar framkvæmd með þeim hætti að leitast sé við að byggðin sé sjálfbær og að haldið sé í og aukið við ef þarf græn svæði sem stuðla að sálfræðilegri endurheimt íbúa í umhverfinu.

Íbúasamtök 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýra leggja fram svohljóðandi bókun.

Að fallið verði frá byggingaráformum í bili og málefni hverfis skoðuð sem ein heild. Eins og staðan er í dag er Háteigsskóli sprunginn og þétting byggðar eykur því en á vanda skólans. Í verklýsingu hverfisskipulagsgerðar fyrir borgarhluta 03 frá árinu 2015 segir í kafla um niðurstöður samráðs við íbúa og hagsmunaaðila að komið hafi fram ósk um að gera Vatnshólinn að grænu svæði Þar kemur einnig fram að „gróðurþekja“ í Háteigshverfi sé í lágmarki eða á bilinu 41–50%. Til þess að teljast góð þurfi hún að vera 61–70%“ Því má ætla að með þessum byggingaráformum verði gengið en meira á gróðurþekju hverfisins. Einnig má gera ráð fyrir umferðaaukningu í hverfinu með meiri loft og hljóðmengun sem rýrir lífsgæði íbúa og auknum líkum á umferðaróhöppum.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur fram svohljóðandi bókun.

Fulltrúi sjálfstæðisflokks tekur undir ábendingar og athugasemdir íbúasamtakanna varðandi umrædda byggingareiti. Mótmæli hafa jafnframt komið frá íbúum í nágrenni Veðurstofureits. Fulltrúi Sjálfstæðisflokks tekur sömuleiðis undir þær áhyggjur og ábendingar sem frá þeim hafa komið

Hverfisráð óskar eftir að svörum við þessu erindi

___________________________________

F.h. hverfisráðs Hlíða
Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Verkefnastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Skipulags- og umhverfisráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 24.08.2018
*1805002 SB*

Efni: **Aðalskipulag Reykjavíkur: Sjómannaskólareitur, Veðurstofuhæð**

Á 84. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 17. ágúst s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Verklýsing lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Sú breyting á aðalskipulagi sem nú er ráðist í snýr að skilgreindum þróunarreitum sem báðir eru innan vaxtarmarka og á nýlega skilgreindum samgöngu- og þróunarásum. Með breytingunni er ætlunin að rýmka uppbyggingarheimildir.

Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrædd svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni var einnig sett fram ákvæði um uppbyggingu á þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Eðlilegt er að Reykjavíkurborg horfi til þeirra ákvæða við mótun skipulagstillögunnar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Reykjavíkurborg
Ann María Andreasen
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Mótt. 09. JÚLÍ 2018 sign
Skjalnr. 5987 S Ábm. HS

Garðabæ, 03.07.2018
Mál nr. 1805169

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð

Á fundi skipulagsnefndar þann 29.06.2018 var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

*„Lögð fram verklýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem nær til Sjómannaskólareits og Veðurstofuhæðar. Í breytingunni felst breytt landnotkun og fjölgun íbúða. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.“*

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

SKIPULAGSSTJÓRI GARÐABÆJAR

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

Bæjarskrifstofur Garðabæjar • Garðatorgi 7 • 210 Garðabæ • sími: 525 8500 • fax: 565 2332 • netfang: gardabaer@gardabaer.is

## Helena Stefánsdóttir

**Frá:** Vinir Saltfiskmóans <saltfiskmoinn@gmail.com>
**Sent:** 8. maí 2018 17:19
**Efni:** Vinir Saltfiskmóans mótmæla byggingaráformum á Sjómannaskólareitnum
**Viðhengi:** AthugasemdirVinirSaltfiskmoans.pdf

Ágæti viðtakandi,

íbúafélagið Vinir Saltfiskmóans mótmælir byggingaráformum í gömlum hverfisgarði á Rauðarárholti (á Sjómannaskólareitnum) sem hefur m.a. að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Ástæða er til að óttast að óafturkræf mistök verði gerð og menningarminjar glatist. Í viðhengi er ítarlega gert grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

Með góðri kveðju,
Silja Björk Huldudóttir
formaður Vina Saltfiskmóans

# Athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform á Sjómannaskólareit



Íbúafélagið
Vinir Saltfiskmóans
Reykjavík, 7. maí 2018

**EFNI:**

Íbúafélagið Vinir saltfiskmóans mótmælir byggingaráformum í gömlum hverfisgarði á Rauðarárholti sem hefur m.a. að geyma stakkstæði frá 1920 sem að öllum líkindum er það síðasta sinnar tegundar í Reykjavík. Ástæða er til að óttast að óafturkræf mistök verði gerð og menningarminjar glatist.

Til þeirra er málið varðar,

hafin er vinna við breytingar á aðal- og deiliskipulagi á Sjómannaskólareitnum (Þ32). Samkvæmt verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fram og samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsráði í apríl 2018 er markmiðið „að stuðla að betri nýtingu" svæðisins og „þá einkum í þágu húsnæðismarkaðarins og stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hluta" svæðisins.
(https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/ar2030-sjomanna-vedur-verklysing-april2018.pdf).
Í skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi sem lögð var fram í borgarráði í nóvember 2017 er ætlunin að „hefja uppbyggingu á svæðinu og koma fyrir námsmannaíbúðum og íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði"
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_usk.pdf).
Í ljósi þessara áforma sjáum við í íbúafélaginu Vinir Saltfiskmóans okkur knúin til að bregðast við og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Félagið Vinir Saltfiskmóans (kt. 670418-1540) var stofnað þegar íbúar í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn heyrðu fyrst af áformum borgaryfirvalda um að þétta byggð á reitnum. Markmið félagsins er að standa vörð um móann sem staðsettur er á miðju Rauðarárholti á norðvesturhluta Sjómannaskólareitsins. Saltfiskmóinn afmarkast af Sjómannaskólanum í austri, Skipholti í norðri, Nóatúni í vestri og Háteigskirkju í suðri (sjá mynd 1).




**Mynd 1.** Sjómannaskólareitur og Saltfiskmóinn, afmörkun svæðisins

## Líklega síðasta stakkstæðið í Reykjavík

Íbúar hverfisins kalla móann Saltfiskmóann með vísan til þess að í móanum miðjum er að finna stakkstæði þar sem saltfiskur var breiddur til þerris og settur í stakka (sjá mynd 2). Stakkstæði þetta, sem er frá 1920 og þekur um þriðjung móans, var á vegum togarafélagsins Kveldúlfs sem Thor Jensen stofnaði 1912. Fyrr á tímum þegar saltfiskur var ein mikilvægasta útflutningsafurð þjóðarinnar mátti finna stakkstæði víða í borgarlandinu þar sem þurrkur var góður, en þessum stæðum hefur fækkað í áranna rás og þau ýmist lent undir malbiki eða byggingum. Þeirra á meðal eru stakkstæðin/fiskþurrkunarreitirnir við Kirkjusand, Mýrargötu og á mótum Stakkahlíðar og Háteigsvegar þar sem í dag er kirkja Óháða safnaðarins. Götuheitin Stakkholt og Stakkahlíð bera þessari atvinnusögu hverfisins vitni.



**Mynd 2.** Sumarið 1954. Börn við vinnu á saltfiskreit á Rauðarárholti í Reykjavík. Sólþurrkaður saltfiskur, stakkstæði. Hús við Stangarholt í bakgruni. *Mynd: Helga Fietz (1907-1958) © Ljósmyndasafn Reykjavíkur*

Stakkstæðið í Saltfiskmóanum er frá 1920, eins og áður sagði, og eru því aðeins örfáir mánuðir þar til það telst til fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og nyti þar með friðunar nema annað væri ákveðið af Minjastofnun Íslands. Sú stofnun verður að veita umsögn um stakkstæðið í ljósi þess að það var tekið í notkun fyrir árið 1925, en minjar frá þeim tíma eru umsagnarskyldar hjá Minjastofnun.

Eftir því sem Vinir Salfiskmóans komast næst eru verulegar líkur á því að stakkstæðið á Rauðarárholti sé síðasta heillega stakkstæðið sem eftir er í Reykjavík. Sem slíkt hefur stakkstæðið fágætisgildi sem söguminjar er geyma mikilvæga heimild um atvinnusögu landsins og ber yfirvöldum skylda til að varðveita slíkt svæði fyrir komandi kynslóðir. Það væri menningarsögulegt slys ef þessum merku minjum væri fórnað.

Í síðustu hverfakosningu (Hverfið mitt) hlaut tillaga íbúa í nágrenni Saltfiskmóans um að merkja stakkstæðið brautargengi. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hyggst hún verja tveimur milljónum króna til verksins nú í vor. Markmið merkingarinnar er að varðveita söguminjarnar, vekja á þeim athygli og gera þær aðgengilegri almenningi. Við væntum þess að merkingarnar verði settar upp fljótlega.

Vinir Saltfiskmóans hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur með það að markmiði að hirða um reitinn, snyrta gróður eftir þörfum, tína rusl og halda móanum snyrtilegum, bera möl á gangstíga og koma upp ruslatunnum og bekkjum til að gera hverfisgarðinn að hentugra útivistarsvæði fyrir íbúa hverfisins, aðra borgarbúa og ferðafólk sem leið á um þennan fallega náttúrugarð. Þau svör hafa fengist að ekki sé hægt að taka afstöðu til þessarar bónar okkar meðan aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna Sjómannaskólareitsins sé ólokið. Við ítrekum hér með þá ósk okkar að fá að taka Saltfiskmóann í fóstur og bendum á að við höfum árum saman hirt um svæðið auk þess sem virk nágrannavarsla fer þar fram.

## Lífsgæðaskerðing

Í fyrrnefndri skipulagslýsingu sem lögð var fyrir borgarráð í nóvember 2017 kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu allt að 120 íbúða fyrir námsmenn á svæði sem nær yfir Saltfiskmóann og bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju, sem er fullnýtt nær daglega af kirkjugestum og nemendum Tækniskólans (sjá mynd 3).




**Svæði 1**

Á svæði 1 er gert ráð fyrir allt að 120 íbúðum fyrir námsmenn.

**Svæði 2**

Á svæði 2 er gert ráð fyrir allt að 70 íbúðum fyrir námsmenn og 6 íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði.

**Mynd 3.** Sjómannaskólareitur, úr skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi frá því í nóvember 2017.

Yrðu þessi áform að veruleika væri verið að fórna dýrmætri útivistarperlu sem myndi skerða lífsgæði íbúa í hverfinu verulega. Íbúar líta á Saltfiskmóann sem nokkurs konar hverfisgarð og nýta hann óspart til útivistar sér til heilsu- , ánægju- og lífsgæðaauka. Meðal þeirra sem nýta garðinn má nefna leikskólabörn á Klömbrum. Þau æfa sig í því að ganga í óslettu, grýttu og grónu landslagi eins og það birtist á stakkstæðinu, sem þau kalla „eldfjallið". Fjallað er um svæðið í stefnu- og starfsáætlunum leikskólans sem aðgengilegar eru á vef hans.

## Skortur á opnum svæðum

Sérstaða Saltfiskmóans felst í því að þetta er sjálfsprottinn náttúrugarður með annars konar gróðri en finna má á ræktuðum grænum svæðum á borð við Klambratún auk þess sem fuglalíf þar er afar líflegt. Rétt er að minna á að í stefnu Reykjavíkurborgar um Græna netið er gert ráð fyrir mikilvægri grænni tengingu frá Klambratúni til norðurs og austurs í átt að Laugardal. Við tökum undir með Snorra Sigurðssyni hjá skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg að mikill skortur sé á opnum svæðum á þessari leið og Stýrimannaskólareiturinn því mikilvægur í þessu samhengi, ekki síst Saltfiskmóinn.

Samkvæmt skilmálaeiningum hverfaskipulags fyrir Reykjavík sem verið er að vinna um þessar mundir er Saltfiskmóinn skilgreindur sem opið svæði. Við teljum eðlilegt og rétt að þessi mikilvægi náttúru- og menningargarður verði skilgreindur í bæði aðal- og deiliskipulagi sem opið svæði og alfarið hlíft við hvers kyns byggingaráformum.

## Óttumst óafturkræf mistök

Vinir Saltfiskmóans hafa góðan skilning á mikilvægi þess að þétta byggð og gera ekki athugasemdir við að slíkt sé gert á atvinnusvæðum sem fá nú nýtt hlutverk. Þéttinguna þarf hins vegar að vinna í góðri sátt við þá íbúa sem fyrir eru á svæðinu og án þess að lífsgæði þeirra séu skert eða mikilvægum útivistarsvæðum fórnað.

Það er ekkert launungarmál að veruleg þétting er áformuð á svæðinu í kringum Saltfiskmóann. Á um rúmlega hálfs ferkílómetra svæði sem umlykur móann og afmarkast af Laugavegi í norðri, Skipholti í austri, Bólstaðarhlíð í suðri og Þverholti í vestri er búið að byggja, í byggingu eða áformaðar tæplega 1.300 nýjar íbúðir. Þar af eru 235 þegar risnar við Einholt/Háteigsveg/Þverholt og 400 áætlaðar á Heklureitnum við Laugaveg (mynd 4). Þar fyrir utan eru einnig a.m.k. 12 hótel með hundruðum herbergja og tilheyrandi umferð innan hverfisins. Til að setja þessa fjölgun íbúða á jafnlitlum bletti og raun ber vitni í samhengi má benda á að heildarfjöldi íbúða í Hveragerði er 1.012 meðan heildarfjöldi íbúða í Vestmannaeyjum er 1.718.




| Nýjar/nýlegar/fyrirhug. íbúðir | Fjöldi íbúða | |
|---|---|---|
| Einholt - Þverholt | 235 | Tilbúnar eða í byggingu |
| Stakkholt | 140 | Tilbúnar |
| Brautarholt/Ásholt | 102 | Tilbúnar |
| Brautarholt 18-20 (Þórskaffi) | Fj. ekki ljós | Hús í eigu Gamma / fyrirhugaðar íbúðir |
| Skipholt 11-13 | 20 | Tilbúnar |
| Skipholt 70 | 26 | Tilbúnar |
| Heklureitur | 400 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli A | 120 | Fyrirhugað |
| Sjómannaskóli B | 76 | Fyrirhugað |
| Kennaraháskóli | 160 | Fyrirhugað |
| Samtals fjöldi íbúða a.m.k. | 1.279 | Nýbyggðar eða fyrirhugaðar |

**Mynd 4.** Nýlegar eða fyrirhugaðar íbúðir á u.þ.b. hálfs ferkílómetra svæði umhverfis Saltfiskmóann.

Með þéttingaráformum sínum í Saltfiskmóanum teljum við borgaryfirvöld vera að fara offari og óttumst að gerð verði óafturkræf mistök.

Samkvæmt opinberum fundargerðum borgarráðs frá apríl sl. er þegar búið að veita vilyrði fyrir lóðum á Sjómannaskólareitnum fyrir byggingu a.m.k. 100 íbúða ætluðum eldri borgurum og námsmönnum þrátt fyrir að hvorki sé búið að vinna aðal- né deiliskipulag fyrir reitinn og vinnu við hverfaskipulag ólokið. Við höfum því fulla ástæðu til að óttast að lítið samráð verði í reynd haft við íbúa svæðisins og lítið mark tekið á ábendingum skilgreindra hagsmunaaðila.

Meðal hagsmunaaðila má nefna Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd ríkisins, sem hlýtur að þurfa að veita umsögn sína um hvort, hversu mikið og hvernig byggt verði á svæðinu í kringum Sjómannaskólann í ljósi þess að um friðaða byggingu er að ræða. Okkur þykir því skjóta skökku við að hvorki Minjastofnun Íslands né Húsafriðunarnefnd ríkisins eru taldar upp meðal umsagnaraðila í fyrrnefndri verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem lögð var fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar fyrir skemmstu. Þar er heldur ekki getið um Borgarsögusafn Reykjavíkur né Háteigskirkju, sem hefur beina hagsmuni af því að bílastæðið norðan við safnaðarheimilið nýtist áfram kirkjugestum, enda ekki hægt að vísa öllum kirkjugestum eða gestum safnaðarheimilisins út á Háteigsveg eða Nóatún.

## Áhrif aukins byggingarmagns á umferð

Í verklýsingunni er tekið fram að við aðalskipulagsbreytinguna skuli m.a. skoða áhrif aukins byggingarmagns á grunn- og leikskóla og umferð. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í næsta nágrenni við Sjómannaskólareitinn anna skólanir nú þegar ekki öllum íbúum hverfisins og er vandséð hvernig mæta á aukinni fjölgun barna á leik- og grunnskólaaldri í hverfinu svo vel sé.

Hvað umferð varðar hefur hún aukist mjög mikið á síðustu misserum, samfara mikilli fjölgun hótela á svæðinu, með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins. Þó borgaryfirvöld byggi nýjar íbúðir þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúar séu á bíl er það því miður ekki raunveruleikinn. Gott dæmi um þetta er bygging 235 nýrra íbúða á fyrrnefndum reit sem afmarkast af Háteigsvegi, Þverholti og Einholti. Nýir íbúar leggja nú báðum megin á Háteigsvegi (milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs) þar sem áður var aðeins lagt öðrum megin götunnar með þeim afleiðingum að ekki er lengur hægt að mæta bíl í götunni, sem er sérlega bagalegt þar sem Háteigsvegur er á áætlunarleið Strætó. Við óttumst að verði bílastæðið norðan við safnaðarheimili Háteigskirkju tekið undir byggingarland fari kirkjugestir að leggja upp eftir Háteigsvegi með tilheyrandi umferðaröngþveiti.

## Samráð og sátt við íbúa

Að öllu framangreindu má ljóst vera að það er að ýmsu að huga þegar þétta skal byggð í grónum hverfum og sérdeilis mikilvægt að það sé gert í samráði og sátt við þá íbúa, hagsmunaaðila og landnýtingu sem fyrir er. Við vörum eindregið við því að þétting byggðar sé gerð á kostnað almannagæða, útivistasvæða, menningarminja og friðaðra bygginga.

Við hvetjum til þess að Saltfiskmóanum verði alfarið hlíft við byggingaráformum og þess í stað skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi þar sem fágætar menningarminjar fái að njóta sín í einstökum og villtum hverfisgarði sem nýtist borgarbúum til útivistar.

Virðingarfyllst,

*Silja Björk Huldudóttir*
*Helgi Hilmarsson*
*Marcos Zotes*
*Hulda B. Hákonardóttir*
*Þorgeir Tryggvason*
sem skipa stjórn og varastjórn Vina Saltfiskmóans
póstfang íbúafélagsins er: saltfiskmoinn@gmail.com

## Þessi greinargerð er send á

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Deildarstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem málið varðar
Alla borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa í borgarstjórn Reyjavíkur

## Afrit greinargerðarinnar er m.a. sent á

Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra
Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
FILA – Félag íslenskra landslagsarkitekta
Arkitektafélags Íslands
Hverfisráð Hlíða
Sóknarnefnd Háteigskirkju
Sjómannaskólann/Tækniskólann
Leikskólann Klambra
Leikskólann Nóaborg
Háteigsskóla
Íbúasamtök 3. hverfis- Hlíðar, Holt og Norðurmýri
Saltfisksetur Íslands
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Greinargerð okkar verður einnig birt á opinni Facebooksíðu íbúafélagsins
https://www.facebook.com/saltfiskmoinn

Icelandic
Meteorological Office

Veðurstofa
Íslands

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
bt. Ann Maríu Andreasen
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
skipulag@reykjavik.is

Dags. 23.05.2018
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-103
0.5

Með bréfi dags. 9. maí sl. óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn Veðurstofu Íslands um verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi borgarinnar 2010-2030 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Fram kemur í verklýsingunni að megin markmið breytinganna sé að skapa heimildir á hluta þessara svæða fyrir almenna íbúðabyggð.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við verklýsingu þessa, en vill vekja athygli á eftirfarandi:

a) Í samkomulagi Reykjavíkurborgar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um Veðurstofureit kemur fram að borgin muni tryggja að tekið verði fullt tillit til starfsemi Veðurstofunnar á svæðinu til framtíðar og um starfsemi hennar verði gerður nýr lóðaleigusamningur þar sem Veðurstofunni verði afmörkuð hæfileg lóð í samráði við ráðuneytið og stofnunina. Ennfremur að í nýju skipulagi fyrir svæðið verði gert ráð fyrir byggingarreit fyrir mögulega nýja byggingu fyrir Veðurstofuna á Bústaðavegi 7 í samráði við stofnunina.

b) Í samningi Reykjavíkurborgar og Veðurstofu Íslands, dags. 5. apríl sl., um færslu veðurmælireits og uppbyggingu veðurstöðvakerfis í borginni, kemur m.a fram að borgin muni kosta uppbyggingu nýs mælireits í „Litlu Öskjuhlíð", á nýrri lóð vestan megin við húsnæði Veðurstofunnar á Bústaðavegi 7 og færslu mælitækja og búnaðar sem staðsettur er í núverandi mælireit.

Virðingarfyllst,

Hafdís Karlsdóttir
staðgengill forstjóra VÍ

Bústaðavegur 7–9 IS-150 Reykjavík + 354 522 60 00 office@vedur.is www.vedur.is